



Skilningur á atriðum íslenskrar útgáfu kvarða Marlowe og Crowne á félagslega æskilegri svörun

Erla Karlsdóttir

Lokaverkefni til BS-gráðu

Sálfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Skilningur á atriðum íslenskrar útgáfu kvarða Marlowe og Crowne á félagslega æskilegri svörun

Erla Karlsdóttir

Lokaverkefni til BS-gráðu í sálfræði

Leiðbeinandi: Fanney Þórsdóttir

Meðleiðbeinandi: Vaka Vésteinsdóttir

Sálfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands

Júní, 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BS-gráðu í sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Erla Karlsdóttir 2013

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2013

Efnisyfirlit

| | |
|---------------------------|-----------|
| Útdráttur | 7 |
| Inngangur | 8 |
| Aðferð | 12 |
| <i>Dátttakendur</i> | 12 |
| <i>Mælitæki</i> | 12 |
| <i>Framkvæmd</i> | 12 |
| Niðurstöður | 14 |
| <i>Atriði 1</i> | 14 |
| <i>Atriði 2</i> | 15 |
| <i>Atriði 3</i> | 16 |
| <i>Atriði 4</i> | 17 |
| <i>Atriði 5</i> | 18 |
| <i>Atriði 6</i> | 19 |
| <i>Atriði 7</i> | 20 |
| <i>Atriði 8</i> | 21 |
| <i>Atriði 9</i> | 22 |
| <i>Atriði 10</i> | 23 |
| <i>Atriði 11</i> | 24 |
| <i>Atriði 12</i> | 24 |
| <i>Atriði 13</i> | 26 |
| <i>Atriði 14</i> | 27 |
| <i>Atriði 15</i> | 28 |
| <i>Atriði 16</i> | 29 |
| <i>Atriði 17</i> | 30 |
| <i>Atriði 18</i> | 32 |
| <i>Atriði 19</i> | 33 |
| <i>Atriði 20</i> | 35 |
| <i>Atriði 21</i> | 36 |
| <i>Atriði 22</i> | 37 |
| <i>Atriði 23</i> | 38 |
| <i>Atriði 24</i> | 39 |

| | |
|------------------------|-----------|
| <i>Atriði 25</i> | 40 |
| <i>Atriði 26</i> | 41 |
| <i>Atriði 27</i> | 42 |
| <i>Atriði 28</i> | 43 |
| <i>Atriði 29</i> | 44 |
| <i>Atriði 30</i> | 46 |
| <i>Atriði 31</i> | 47 |
| <i>Atriði 32</i> | 47 |
| <i>Atriði 33</i> | 48 |
| Umræða | 50 |
| Heimildir | 55 |
| Viðauki A | 57 |
| Viðauki B | 59 |

Félagslegur æskileiki (*social desirability*) er hneigð fólks til þess að láta sjálfst sig líta betur út í augum annarra í félagslegum samskiptum (Johnson, Fendrich og Hubbell, 2002). Félagslegur æskileiki skapar vanda þegar spurt er viðkvæmra spurninga í spurningakönnunum á þann hátt að hann hefur áhrif á réttmæti mælinga (Nederhof, 1985). Eitt helsta mælitækið á félagslegum æskileika er *Marlowe-Crowne Social Desirability Scale* (MCSD) sem hefur 33 atriði. Þetta verkefni er liður í þeirri vinnu að þróa réttmæta og áreiðanlega íslenska útgáfu af kvarða Marlowe og Crowne. Þátttakendur voru 17 alls, níu konur og átta karlar. Þeir voru á aldrinum 22 – 46 ára. Tekin voru viðtöl þar sem þátttakendur voru spurðir nákvæmlega út í túlkun á hverju atriði fyrir sig. Skilningur á atriðum Marlowe-Crowne kvarðans var nokkuð mismunandi á milli svarenda. Vandí tengdur þýðingu kom fram í 11 atriðum af 33. Mikilvægt er að skoða vel þær niðurstöður sem liggja fyrir með tilliti til þess að auka réttmæti kvarðans.

Félagslegur æskileiki (*social desirability*) er hneigð fólks til þess að láta sjálft sig líta betur út í augum annarra í félagslegum samskiptum (Johnson, Fendrich og Hubbell, 2002). Félagslegur æskileiki skapar vanda þegar spurt er viðkvæmra spurninga í spurningakönnunum á þann hátt að hann hefur áhrif á réttmæti mælinga (Nederhof, 1985). Dreifni svara úr spurningakvarða er þá skýrð bæði með hugsmíð sem spurningakvarða er ætlað að meta og félagslegum æskileika. Ályktun sem er dregin af niðurstöðum spurningakvarða er þá eignuð rangri hugsmíð að einhverju leyti ef engar engar leiðir eru farnar til þess að bregðast við félagslegum æskileika (Ellingson, Smith og Sackett, 2001).

Mismunandi aðferðir hafa verið notaðar til þess að bregðast við félagslegum æskileika (Nederhof, 1985; Paulhus, 1991). Annars vegar eru aðferðir sem beinast að því að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum hans. Til að mynda að láta svarendur velja á milli tveggja mismunandi kosta, sem eiga að vera jafn eftirsóknarverðir (*forced-choice items*), eða að láta svarendur halda að lífeðlisfræðilegt lygapróf fari fram samhliða fyrirlögn spurningakvarða (*the bogus pipeline*). Einnig er hægt að draga úr áhrifum félagslegs æskileika á mælingar með því að leggja fyrir sjálfsmatslista (*self-administered questionnaires*) en þá verður svarandi síður fyrir áhrifum áhorfanda (Nederhof, 1985).

Hins vegar eru notaðar aðferðir til þess að mæla félagslegan æskileika. Mælingar á félagslegum æskileika eru aðallega notaðar til þess að kanna réttmæti sálfræðilegra spurningakvarða (Beretvas, Meyers og Leite, 2002). Algengasta aðferðin er að reikna fylgni á milli útkomu á kvarða sem mælir félagslegan æskileika og útkomu á öðrum matskvarða. Fylgni við kvarða sem mælir félagslegan æskileika er túlkuð þannig að því hærra sem fylgni er, því líklegra er að félagslegur æskileiki hafi áhrif á svörun á matskvarða. Ef lág fylgni mælist á milli tveggja slíkra kvarða er talið ólíklegt að félagslegur æskileiki hafi áhrif á svörun. Lág fylgni gefur einnig til kynna að aðgreiniréttmæti kvarðanna sé gott (Beretvas, Meyers og Leite, 2002).

Önnur aðferð sem er notuð er þáttagreining. Ein leið er að þáttgreina útkomu á kvarða sem mælir félagslegan æskileika samhliða því að þáttgreina útkomu á matskvarða. Ef atriði kvarðanna hlaða á sama þátt bendir það til þess að félagslegur æskileiki hafi áhrif á svörun á matskvarða. Ef atriði kvarða hlaða á mismunandi þætti er líklegt að mismunandi hugsmíðir séu undirliggjandi í

kvörðunum. Þá er dregin sú ályktun að félagslegur æskileiki hafi lítil áhrif á svörun við þeim kvarða. (Beretvas, Meyers og Leite, 2002).

Þriðja aðferðin til þess að nota þessar mælingar er að eyða svörum þeirra sem skora mjög hátt á kvarða sem mælir félagslegan æskileika (Beretvas, Meyers og Leite, 2002). Eitt helsta mælitækið á félagslegum æskileika er *Marlowe-Crowne Social Desirability Scale* (MCSD) en sá kvarði byggir á eldri kvarða, *Edwards Social Desirability Scale* (SD) (Beretvas, Meyers og Leite, 2002).

Í kvarða Edwards eru 39 atriði sem fengin voru úr *Minnesota Multiphasic Personality Inventory* (MMPI). Edwards lagði 79 atriði úr MMPI-persónuleikaprófinu fyrir tíu dómara sem mátu hvort svarmöguleikinn satt eða ósatt væri félagslega æskilegri svörun fyrir hvert atriði. Dómarar voru sammála um að öll atriði sem mynduðu kvarða Edwards mældu félagslegan æskileika. Þegar kvarðinn er lagður fyrir er gefið eitt stig eftir því hvort svar samsvarar félagslega æskilegu svari, hvort sem það er satt eða ósatt. Hægt er að fá á bilinu 0 - 39 stig og því fleiri stig, því félagslega æskilegri svörun (Paulhus, 1991).

Crowne og Marlowe gagnrýndu kvarða Edwards. Gagnrýni þeirra beindist að því að atriði kvarðans hentuðu illa til þess að meta félagslegan æskileika í venjulegu þýði. Atriðin voru fengin úr MMPI-persónuleikaprófinu, sem er meðal annars notað í klínískum tilgangi til þess að meta óvenjulega hegðun. Þegar kvarði Edwards er lagður fyrir úrtak sem er tekið úr venjulegu þýði er óljóst hvaða merkingu það hefur að skora hátt á honum. Það eru fyrirfram litlar líkur á því að atriði kvarðans eigi við um hóp af venjulegu fólki. Því má túlka hátt skor á kvarða þannig að í þessu tiltekna þýði sýni fáir óvenjulega hegðun, fremur en að margir hafi þörf fyrir að gefa óraunverulega en félagslega samþykkt mynd af sjálfum sér (Crowne og Marlowe, 1960).

Crowne og Marlowe þróðu nýtt mælitæki fyrir félagslegan æskileika til þess að svara gagnrýni á kvarða Edwards (Beretvas, Meyers og Leite, 2002). Í kvarða Marlowe og Crowne eru 33 atriði. Við gerð kvarðans skilgreindu Crowne og Marlowe félagslegan æskileika sem þörf fyrir samþykki sem lýsir sér þannig að svörun er í samræmi við það sem er viðeigandi og samþykkt í menningu. Crowne og Marlowe settu viðmið fyrir söfnun atriða. Þau áttu annars vegar að lýsa hegðun sem er menningarlega samþykkt en ólíklegt að eigi sér stað. Hins

vegar áttu atriðin að lýsa illa aðlagðri eða óvenjulegri hegðun sem minnst (Crowne og Marlowe, 1960).

Safnað var saman 50 atriðum og þau lögð fyrir tíu dómara, kennara og nemendur í sálfræðideild *Ohio State University*. Dómarar áttu að meta hvort atriði væri félagslega æskilegt eða ekki með því að velja svarmöguleikana satt eða ósatt. Allir voru sammála um 36 atriði og 90% voru sammála um 11 atriði til viðbótar. Þá voru þessi 47 atriði, auk allra 39 atriða á kvarða Edwards, lögð fyrir aðra tíu kennara og sálfræðinema. Þeir mátu félagslega æskilegu atriðin á fimm punkta kvarða eftir því hversu vel eða illa aðlöguð þeir töldu atriðin vera. Að því loknu var kvarðinn, sem samanstóð af 47 atriðum, lagður fyrir 76 sálfræðinema og þeim fækkað niður í 33 atriði með atriðagreiningu (Crowne og Marlowe, 1960).

Atriði kvarða Marlowe og Crowne samanstanda af fullyrðingum sem fela í sér félagslega samþykktu hegðun sem er óalgeng, 18 atriði alls. Dæmi um slíka fullyrðingu er „Mér hefur aldrei líkað virkilega illa við einhvern“. Aðrar fullyrðingar, 15 alls, fela í sér félagslega ósamþykktu hegðun sem er algeng. Dæmi um slíka fullyrðingu er „Stundum reyni ég að hefna mín frekar en að fyrirgefa“. Hægt er að fá á bilinu 0 – 33 stig og því fleiri stig sem svarandi fær, því meiri þörf hefur hann fyrir samþykki (Crowne og Marlowe, 1960).

Innri áreiðanleiki kvarða Marlowe og Crowne hefur mælst á bilinu 0,73 til 0,96 (Crowne og Marlowe, 1960; Strahan og Gerbasi, 1972; Reynolds, 1982; Ballard, 1992; Fischer og Fick, 1993; Barger, 2002). Endurtektaráreiðanleiki hans hefur mælst 0,84 eftir eina viku (Fisher, 1967) og 0,89 eftir einn mánuð (Crowne og Marlowe, 1960). Niðurstöður einnar rannsóknar sem var gerð á spænskri útgáfu kvarðans í Puerto Rico bentu til þess að próffræðilegir eiginleikar kvarðans héldust svipaðir (Collazo, 2005). Niðurstöður annarrar rannsóknar sem var gerð á franskri útgáfu kvarðans í átta frönskumælandi löndum í Afríku og í Sviss bentu til þess að próffræðilegir eiginleikar þess kvarða væru lakari en enska kvarðans (Verardi o.fl., 2010).

Áhrif félagslegs æskileika á svörun á sjálfsmatslistum eru þekkt (Paulhus, 1991) og því mikilvægt að til sé íslensk útgáfa af kvarða Marlowe og Crowne sem er réttmæt og áreiðanleg. Ef slík útgáfa er til er til að mynda hægt að leggja hana fyrir samhliða öðrum matskvörðum og auka þannig réttmæti og áreiðanleika annarra íslenskra matskvarða. Kvarði Marlowe og Crown hefur verið þýddur á

íslensku (Pálmar Ragnarsson, 2011) en lítið er vitað um próffræðilega eiginleika hans. Slík vinna felur venjulega í sér tölfræðilegt mat á áreiðanleika og réttmæti kvarðans en áður en byrjað er á þeirri vinnu er mikilvægt að kanna hvort atriði hans séu skýr. Allir svarendur og rannsakendur verða að skilja merkingu atriðis á sama hátt til þess að tryggja áreiðanleika og réttmæti kvarðans (Fowler, 1992). Slæm eða ónákvæm þýðing, flókið orðalag eða setningaskipan geta skekkt atriði spurningakvarða (Einar Guðmundsson, 2005-2006). Óljós hugtök í spurningum geta haft áhrif á niðurstöður spurningakvarða á tvennan hátt. Ef óljóst orðalag er ekki kerfisbundið er kvarðinn gallaður og minni líkur á að niðurstöður um tengsl breyta verði réttmætar. Hins vegar hefur það ekki endilega áhrif á meðaltöl og dreifni. Ef óljóst orðalag hefur þau áhrif að svarendur svara kerfisbundið í sömu átt verða allar niðurstöður skekktar (Fowler, 1992).

Þetta verkefni var fyrsta skref í forprófun á þýðingu og orðalagi atriða kvarða Marlowe og Crowne og var liður í þeirri vinnu að þróa réttmæta og áreiðanlega útgáfu kvarðans. Búist var við því að niðurstöður gæfu til kynna að orðalag þyrfti að vera skýrara í einhverjum atriðum og að einhver óljós hugtök væru til staðar. Einnig var búist við því að niðurstöður gæfu vísbendingu um atriði sem lýsa ekki félagslegum æskileika og mætti fella brott úr kvarðanum til þess að auka innri áreiðanleika hans.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur voru 17 alls, níu konur og átta karlar. Þeir voru á aldrinum 22 – 46 ára en meðalaldur var 32,5 ár. Þátttakendur höfðu ýmist lokið meistara- eða grunnnámi í háskóla, stúdentsprófi eða grunnskólaprófi. Allir þátttakendur voru ættingjar, vinir og kunningjar rannsakanda og voru valdir með hentugleik.

Mælitæki

Íslensk þýðing af kvarða Marlowe og Crowne fyrir félagslegan æskileika (*Marlowe-Crowne Social Desirability Scale, MCSD*) (sjá viðauka A) var lögð fyrir þátttakendur. Tveir sálfræðimenntaðir aðilar þýddu hvor um sig öll atriði kvarðans. Báðir þekktu tilgang kvarðans og atriði hans. Þýðendur báru saman báðar útgáfur af þýddum kvarða, ræddu mun á þeim og sameinuðu þær svo úr varð íslensk útgáfa kvarðans (Pálmar Ragnarsson, 2011). Kvarðinn samanstendur af 33 atriðum sem hverju fylgja tveir svarmöguleikar. Þeir eru merktir með orðagildunum „satt“ og „ósatt“.

Framkvæmd

Rannsakandi fékk ráðleggingar við gerð handrits (sjá viðauka B) hjá doktorsnema í Sálfræðideild Háskóla Íslands. Handritið var sett upp þannig að á eftir svörun við hverju atriði tóku við nákvæmar spurningar um orðalag. Notkun tilbúins handrits kom í veg fyrir leiðandi spurningar og ýtti undir hlutleysi rannsakanda. Aðferð sem notuð var hér er aðeins ein leið sem hægt er að fara við forprófun á skilningi á spurningum. Tilgangur hennar er að kanna skilning viðmælenda á atriðum og komast að því hvað viðmælendur hugsa þegar þeir ákveða svar sitt (Fowler, 1995).

Viðtöl voru tekin dagana 4. janúar 2013 til 20. febrúar 2013. Rannsakandi hitti þátttakendur ýmist á heimili sínu eða þeirra. Viðtöl fóru fram í lokuðu herbergi þar sem rannsakandi og þátttakandi sátu á móti hvor öðrum.

Rannsakandi byrjaði á að segja þátttakanda stuttlega frá tilgangi rannsóknar. Þar kom fram að spurningalistinn væri þýddur frá ensku yfir á íslensku og að tilgangur rannsóknar væri að laga þýðingu fullyrðinga og einstakra orða. Þátttakandi var upplýstur um það að viðtalið yrði tekið upp. Einnig var þátttakanda sagt að honum bæri ekki skylda til þess að svara

spurningum. Tekið var fram að rannsakandi myndi einn hlusta á upptöku viðtals og að því loknu yrði henni eytt. Þátttakandi var þá beðinn um að lesa eina fullyrðingu í einu í hljóði af blaði og segja rannsakanda hvort hún væri sönn eða ósönn, eftir því hvort hún ætti við viðkomandi eða ekki. Eftir hvert svar spurði rannsakandi nákvæmlega út í skilning á orðalagi fullyrðinga, eftir handriti sem rannsakandi hafði fyrir framan sig. Allir þátttakendur fengu sömu spurningar. Viðtöl voru um það bil 90 mínútna löng. Þau voru ýmist tekin með eða án pásu, eftir því hvort viðmælendur voru farnir að sýna þreytumerki eða ekki.

Niðurstöður

Atriði 1. Áður en ég geng til kosninga kanna ég rækilega hæfni allra frambjóðenda.

Tveir þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna. Fimmtán töldu hana ósanna. Þátttakendur töldu fullyrðinguna ósanna vegna þess að þeir sögðust ekki kanna rækilega hæfni allra frambjóðenda áður en þeir ganga til kosninga. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna sögðust ekki fylgja fyrirfram mótuðum skoðunum heldur kanna hvað hver frambjóðandi hefði fram að færa hverju sinni og að þeir tækju meðvitaða ákvörðun.

Kosningar. Nokkrir skilgreindu kosningar almennt þar sem gengið er inn í kjörklefa og kosið um fulltrúa eða málefni. Allir höfðu ákveðnar kosningar í huga. Margir nefndu kosningar til Alþingis, bæjar- eða borgarstjórnar eða forseta. Einhverjir nefndu kosningar þegar kosið er um málefni, eins og Icesave eða Stjórnlagaráð. Einnig voru nefndar kosningar innan félags eða skóla.

Að kanna rækilega hæfni. Margir sögðu að það að kanna rækilega fæli í sér að lesa, skoða, kynna sér mjög vel eða að vega og meta kosti og galla. Hæfni var skilgreind á mismunandi hátt. Sumir töldu að hæfni fæli í sér bakgrunn, menntun og starfsreynslu. Nokkrir töldu hæfni vera hæfileika og sumir töldu hæfni vera áherslur og stefnu eða hæfi. Einnig kom fram að hæfni væri byggð á því hvort viðkomandi hefði upplifað sjálfur það sem hann segðist vilja bæta, eins og fátækt. Viðmælandi sem taldi fullyrðinguna sanna skilgreindi hugtakið þannig að viðkomandi hefði hæfni til að koma skilaboðum sínum áleiðis til kjósenda. Annar viðmælandi sem taldi fullyrðinguna sanna sagði að hæfni í þessu samhengi væri skoðanir fólks og hvort hann treysti fólki til þess að vinna eftir skoðunum sínum.

Allir frambjóðendur. Viðmælendur skilgreindu alla frambjóðendur á mismunandi hátt eftir því hvernig kosningar þeir höfðu í huga. Þegar þátttakendur tóku mið af kosningum þar sem flokkar bjóða fram lista af fólki sögðu nokkrir að það væru allir frambjóðendur á listum allra flokka sem væru í framboði. Einhverjir sögðu að þetta ætti við um að skoða vel þá sem væru fremstir á lista flokka en lauslega þá sem væru neðar. Nokkrir sögðu að þetta ætti við um alla á lista í þeim flokki sem þeir hygðust kjósa. Nefnt var að flokkur væri eins og frambjóðandi, þannig að allir frambjóðendur voru þá

skilgreindir sem allir flokkar. Einnig var nefnt að allir frambjóðendur í forsetakosningum væru allir einstaklingar sem væru að bjóða sig fram. Þátttakandi sem taldi fullyrðinguna sanna skilgreindi alla frambjóðendur sem málefni allra flokka. Einnig að allir frambjóðendur væru í fyrsta lagi allir flokkar og í öðru lagi efstu frambjóðendur á lista.

Atriði 2. Ég hika aldrei við að leggja lykkju á leið mína til að aðstoða einhvern sem er í vanda.

Fimm þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna. Tólf töldu hana ósanna. Þeir sem töldu fullyrðinguna sanna umorðuðu hana lítillaga. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna ósanna sögðu að það fælist í því að þeir hikuðu oftár en aldrei við að leggja lykkju á leið sína til að aðstoða einhvern í vanda.

Að hika. Margir töldu að hika vera að hugsa sig um eða velta einhverju fyrir sér. Einhver sagði að það að hika aldrei hefði þá merkingu að það fyrsta sem kæmi upp í hugann væri að hjálpa. Annar þátttakandi taldi það að hika vera að leggja mat á aðstæður.

Aldrei. Þátttakendur skilgreindu aldrei á svipaðan hátt, hvort sem þeir svöruðu satt eða ósatt. Margir skilgreindu aldrei sem aldrei nokkurn tímann, að það kæmi ekki fyrir, það væri andheiti við alltaf. Fáir notuðu orðið ekki í stað aldrei. Einhver sagði að þótt hann myndi ekki eftir neinu dæmi um að hann hefði hikað í þessu samhengi að þá ætti það eftir að gerast. Einn taldi aldrei vera yfirleitt.

Að leggja lykkju á leið sína. Þátttakendur túlkuðu það á svipaðan hátt. Að lengja leið sína eða að leggja eitthvað aukalega á sig fyrir einhvern annan.

Að aðstoða. Þátttakendur túlkuðu það á svipaðan hátt. Að hjálpa.

Vandi. Þátttakendur voru sammála um það að orðið vandi hefði víðtæka merkingu. Einhverjir skilgreindu vanda almennt sem einhvers konar ójafnvægi í samfélaginu. Það kom fram að vandinn þyrfti að vera frekar mikilvægur til þess að viðkomandi myndi leggja lykkju á leið sína til að aðstoða og einnig að það væri persónulegt mat hvers og eins hvort eitthvað væri vandi eða ekki. Þátttakendur tóku mismunandi dæmi til þess að skýra túlkun á þessu orði, bæði þeir sem svöruðu satt og þeir sem svöruðu ósatt. Að skipta um dekk á bíl, manneskja sem hefur dottið, hjálpa einhverjum yfir götu, aðstoða á slysstað, að

skutla einhverjum, fótbrott, fjárhagslegt vandamál eða aðstoð við umönnun fatlaðs barns.

Einhver. Margir sögðu að einhver gæti verið hver sem er. Fáir sögðu að þetta yrði að vera einhver sem viðkomandi þekkti.

Atriði 3. Mér finnst stundum erfitt að halda áfram án þess að fá hvatningu.

Þrettán þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna. Fjórir töldu hana ósanna. Þeir sem töldu fullyrðinguna sanna umorðuðu hana líttillega. Þeir sem töldu hana ósanna sögðust ekki eiga erfitt með að halda áfram án þess að fá hvatningu eða sögðust yfir höfuð óvanir því að fá hvatningu.

Stundum. Viðmælendur skilgreindu stundum á mismunandi hátt. Skýringar á borð við augnablik og augnablik, oftast en aldrei, oftast en einu sinni, oftast en tvisvar, örsjaldan, annað slagið, það kemur fyrir, í sumum verkefnum en ekki öðrum, sjaldnar en oft og oftast en örsjaldan. Einhverjir töldu stundum vera víðtækara en aldrei. Nefnt var að hægt væri að svara þessu satt hvort sem maður upplifði þetta sjaldan eða oft. Hluti skilgreindi stundum sem fjölda eða hlutfall skipta. Stundum gæti verið á fjögurra ára fresti, tvisvar sinnum á ári, eitt af tíu skiptum, um 20-40% skipta, um 30% skipta.

Erfitt. Þátttakendur túlkuðu erfitt á nokkuð svipaðan hátt. Eitthvað sem er leiðinlegt, strembið, þrautasamt, ekki auðvelt, óyfirstíganlegt. Einnig var erfitt túlkað sem að efast um sjálfan sig, að vera illa fyrir kallaður, að ganga illa, að bjástra við eitthvað og sem eitthvað sem viðkomandi langar ekki til að gera. Einhverjir tóku dæmi um eitthvað sem er erfitt, eins og að eiga erfitt með að koma sér úr sporunum, eiga erfitt með að vakna snemma. Einn nefndi dæmi um eitthvað sem er líkamlega og andlega erfitt, eins og að hlaupa maraþon.

Halda áfram. Þátttakendur túlkuðu þetta á svipaðan hátt. Margir túlkuðu halda áfram á almennan hátt, að halda áfram að gera hluti og gera það vel, að ná markmiðum sínum, að reyna að klára verkefni, að halda einbeitingu, að verða betri í einhverju. Margir nefndu sérstakt dæmi um hvað þeir hugsuðu þegar þeir svöruðu spurningunni. Að halda áfram að halda heimilinu hreinu, að halda áfram í námi, að gera einhverjum greiða, halda áfram í maraþoni, halda áfram að sækja um vinnu þótt viðkomandi fái ekki svör og halda áfram að hugsa um mataræðið. Einhver sagði að þetta gæti átt við um mismunandi markmið, allt frá

því að halda áfram að elda mat fyrir fjölskylduna yfir í að halda áfram að vinna að krabbameinsrannsóknum.

Að fá hvatningu. Þátttakendur skýrðu þetta á svipaðan hátt. Að fá að vita hvers virði viðkomandi er, hvort viðkomandi sé að gera hlutina vel, einhver segi við viðkomandi að hann geti þetta og það hjálpi honum að einbeita sér. Að finna fyrir því að einhver hafi trú á sér, að fá stuðning. Að sjá árangur hjá sjálfum sér, að greinast. Að fá hrós, klapp á bakið, bros frá einhverjum eða góða einkunn í skóla. Sumir sögðust hafa séð einhvern sérstakan fyrir sér veita sér hvatningu þegar þeir lásu fullyrðinguna. Nefnt var maki, foreldri, systkini, vinir, þjálfari eða manneskjan sjálf. Einhver sagði að þetta þyrfti ekki endilega að vera fólk sem viðkomandi þekkti mjög vel heldur bara fólk sem sér hvað viðkomandi er að gera. Aðrir sögðust ekki hafa séð neinn fyrir sér. Þátttakandi sem svaraði fullyrðingunni ósatt sagðist hafa séð annan en sjálfan sig fyrir sér fá hvatningu.

Athugasemd. Einn viðmælandi taldi ekki líklegt að margir myndu segja satt við þessari fullyrðingu vegna þess hversu víðtæka merkingu orðið stundum hefur.

Atriði 4. Mér hefur aldrei líkað virkilega illa við einhvern.

Fjórir þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, þrettán töldu hana ósanna. Þeir sem töldu fullyrðinguna sanna sögðu að þeim hefði líkað illa við einhvern, en ekki virkilega illa. Þeir sem töldu fullyrðinguna ósanna sögðu að þeim hefði oftast en aldrei líkað virkilega illa við einhvern.

Aldrei. Að hafa aldrei í lífinu upplifað þetta. Núll skipti. Ekki.

Að líka virkilega illa við. Þátttakendur túlkuðu þetta á svipaðan hátt, hvort sem þeir svöruðu satt eða ósatt. Að geta ekki hugsað sér að sjá eða heyra minnst á viðkomandi og ekki vera í návist hans. Hluti sagði að líka virkilega illa við væri svipað og að hata. Nefnt var að þetta væri manneskja sem hefði gert viðkomandi eitthvað, hún væri ekki góð og ekki skemmtileg. Allir töldu vera mun á því að líka illa við einhvern og að líka virkilega illa við einhvern, í þessu samhengi. Þeir töldu orðið virkilega leggja meiri áherslu á orðið illa og þeir sem svöruðu fullyrðingunni satt sögðust mundu svara öðruvísi ef orðið virkilega væri tekið út.

Einhver. Þátttakendur túlkuðu orðið á svipaðan hátt, hvort sem þeir svöruðu satt eða ósatt. Margir sögðu að það gæti verið hver sem er. Hluti sagði að þetta væri einhver sem viðkomandi þekkti. Nokkrir sögðust hafa hugsað um sérstaka manneskju þegar þeir svöruðu fullyrðingunni.

Athugasemdir. Nokkrir þátttakendur höfðu athugasemdir um fullyrðinguna í heild. Einn nefndi að fullyrðingin væri afdráttarlaus já og nei spurning. Einn nefndi að honum fyndist erfitt að svara fullyrðingunni. Annar nefndi að honum fyndist spurningin tvíræð og erfitt að svara henni þannig að hann væri viss um að hann væri samkvæmur sjálfum sér. Annar þátttakandi nefndi að þetta gæti verið manneskja sem viðkomandi líkaði virkilega illa við í stuttan tíma, gæti verið í mínútu eða sekúndu, og þess vegna taldi viðkomandi sig eiga mjög erfitt með að svara satt.

Atriði 5. Á stundum hef ég haft efasemdir um getu mína til að ná árangri í lífinu. Þrettán þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, fjórir töldu hana ósanna. Þátttakendur sem svöruðu satt umorðuðu lítilla merkingu fullyrðingarinnar. Þeir sem svöruðu ósatt sögðust ekki muna eftir að hafa haft efasemdir um getu sína til að ná árangri í lífinu, eða að það hefði ekki gerst.

Á stundum. Þátttakendur túlkuðu á stundum á nokkuð mismunandi hátt. Hluti skýrði á stundum þannig að það kæmi fyrir, það kæmu tímar, annað slagið, einhvern tímann yfir ævina, við og við, það gæti verið með frekar löngu millibili, jafnvel ára millibili. Á stundum gæti verið heil kvöldstund, jafnvel heil vika, en gæti líka verið eitt augnablik. Nokkrir túlkuðu á stundum sem stundum en hluti taldi vera mun á stundum og á stundum. Munurinn var skýrður á mismunandi hátt. Á stundum var talið endast mjög stutt en stundum vera reglulegt, á stundum var talið vera mikilvægari augnablik heldur en stundum, á stundum var talið vera sjaldnar en stundum, á stundum var talið vera að það kæmi fyrir en stundum vera vanalega. Einn viðmælandi taldi á stundum vera fallelgra orðalag og nokkrum fannst bókstafurinn á ekki passa fyrir framan orðið stundum.

Hafa efasemdir. Þátttakendur túlkuðu að hafa efasemdir á svipaðan hátt. Það var talað um að trúá ekki á sjálfan sig, telja að viðkomandi geti ekki gert hluti, efast, vera óviss, finna til vanmáttar. Einn sagði að það að hafa efasemdir fæli í sér að hugsa að viðkomandi sé búinn að vera gera vitlausa hluti alla sína

ævi. Annar taldi þetta fela í sér að spyrja sjálfan sig á gagnrýninn hátt hvort að hið andstæða við það sem hann væri að gera hverju sinni gæti hent hann.

Geta. Þátttakendur túlkuðu getu á svipaðan hátt. Talað var um getu til að framkvæma, hæfileika, bolmagn eða vitsmuni, eitthvað sem viðkomandi þróar með sér en er ekki meðfætt og að getan eigi við um einn þátt í lífinu en ekki lífið í heild. Einn viðmælandi túlkaði getu sem eitthvað sem er aðeins hægt að þjálfa upp að vissu marki. Annar viðmælandi taldi getu vera erfitt orð af því hann túlkaði það eins og hann annað hvort gæti eitthvað eða ekki.

Að ná árangri í lífinu. Nokkrir töldu það tengjast starfsframa eða að vera hamingjusamur með það sem viðkomandi er að gera. Að vera í andlegu jafnvægi, í fínni vinnu og geta lifað hér um bil áhyggjulausu lífi. Að hugsa vel um fjölskylduna, gera eitthvað sem viðkomandi finnst skemmtilegt og eiga góðar minningar í ellinni. Að halda öllu liðinu saman og borga reikninga fyrir vinnu. Einn sagði að þetta tengdist persónulegum markmiðum frekar en samfélagslegum. Annar þátttakandi taldi þetta tengjast afmörkuðum þætti í lífinu en ekki hvort viðkomandi væri dauður eða lifandi. Einnig var nefnt að það að ná árangri í lífinu væri að lifa lífinu eins og viðkomandi vill, það væri enginn mælikvarði til á það. Einn þátttakandi taldi það að ná árangri í lífinu felast í því hvort einhver annar telji viðkomandi njóta velgengni í lífinu, því þá fyndist viðkomandi það sjálfum.

Atriði 6. Ég finn stundum fyrir gremju ef ég fæ ekki mínu framgengt.

Sextán þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, einn taldi hana ósanna. Þátttakendur túlkuðu heildarmerkingu fullyrðingarinnar á svipaðan hátt en sá sem taldi fullyrðinguna ósanna gerði það vegna túlkunar á orðinu gremja.

Stundum. Viðmælendur skilgreindu stundum á mismunandi hátt. Nefnt var að þetta gæti gerst að meðaltali tvisvar í mánuði, stundum gæti verið ákveðið en óskilgreint hlutfall af þeim skiptum sem viðkomandi á samskipti. Stundum var skilgreint sem endrum og sinnum, sjaldnar en oft en oftast en sjaldan, á stundum, af og til, annað slagið, ekki alltaf og ekki sjaldan heldur þar á milli, örsjaldan, einstaka sinnum, oftast en aldrei, það gerist og sem andstæðan við oft.

Að finna fyrir gremju. Viðmælendur skilgreindu gremju á nokkuð svipaðan hátt. Flestir töldu gremju vera pirring, vonbrigði, ósætti, óánægju, reiði,

svekkelsi, svik, sárindi, brjálæði. Einn viðmælandi skilgreindi gremju þannig að manneskja verði reið og pirruð en vinni samt áfram að því að fá sínu framgengt. Viðmælandi sem taldi fullyrðinguna ósanna sagði að gremja væri neikvæð tilfinning sem fæli í sér að kenna öðrum um að hafa ekki fengið sínu framgengt.

Að fá ekki sínu framgengt. Túlkun viðmælenda var svipuð hér. Þá er ekki verið að gera það sem viðkomandi vill að sé gert, ekki hlustað á skoðanir einhvers, eða viðkomandi nær ekki markmiði sínu. Margir sögðust hafa séð fyrir sér ákveðið dæmi þegar þeir svöruðu fullyrðingunni. Nefnt var krakki sem fær ekki nammi, vinna í hópverkefni í skóla og hugmynd viðkomandi verður undir, að fá ekki tiltekna stöðu í íþróttaliði, ef viðkomandi vill fara í bíó en enginn kemst með. Einnig að fá ekki sínu framgengt í vinnu eða þegar viðkomandi fær lélega þjónustu.

Atriði 7. Ég vanda ávallt fataval mitt.

Fjórir þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, tólf töldu hana ósanna. Þeir sem töldu fullyrðinguna ósanna sögðu að þeir vönduðu fataval sitt sjaldnar en ávallt.

Að vanda. Viðmælendur túlkuðu orðið á svipaðan hátt. Að taka meðvitaða ákvörðun, ekki klæða sig í það sem hendi er næst, þó það sé ekki nema 10 sekúndna ígrundun. Að hugsa um heildarmyndina, að láta allt smellpassa saman, að velja á milli tveggja buxna. Þátttakendur sem svöruðu satt töldu orðið að vanda fela í sér að meta mjög vel hverju sinni hvað viðkomandi þarf að fá út úr fatavali sínu þann daginn, hvort hann þurfi að líta út á ákveðinn hátt og hvort honum þurfi að líða vel. Einnig að reyna að vera snyrtilegur og koma vel fyrir.

Ávallt. Hluti túlkaði ávallt sem alltaf eða undantekningalaust. Fáir töldu það vera í hvert skipti sem viðkomandi velur föt. Einn sagði að ávallt væri rosalega oft eða nánast alltaf. Þátttakendur sem svöruðu fullyrðingunni satt töldu ávallt vera oftast eða fimm sinnum í viku, alla daga, á hverjum morgni og öllum stundum.

Fataval. Orðið fataval var túlkað á svipaðan hátt. Margir töldu það vera föt sem viðkomandi velur að morgni, hvort þau passa saman. Einn þátttakandi sagði að viðkomandi hefði þá val um fleiri en eina flík til þess að klæðast.

Einnig var fataval túlkað þannig að viðkomandi klæðist ákveðnum fötum umfram önnur með hliðsjón af því hvað hann ætlar að gera í þessum fötum.

Athugasemdir. Einn þátttakandi kom því á framfæri í lokin að fataval væri það sem skipti hann minnstu máli í lífinu. Annar þátttakandi sem taldi fullyrðinguna sanna sagði að hann vandaði ekki endilega fataval sitt þegar hann sæti með fjölskyldu sinni að horfa á sjónvarp. Hann sagðist túlka spurninguna frekar þannig að hann vandaði fataval sitt þegar hann færi út úr húsi. Annar þátttakandi sagði í lokin að þegar hann færi að pæla í þessu, þá gæti þetta átt við um að vanda fataval eftir veðri, og þá myndi fullyrðingin vera sönn.

Atriði 8. Borðsiðir mínir heima hjá mér eru jafn góðir og þegar ég fer út að borða á veitingahúsi.

Fimm þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, tólf töldu hana ósanna. Þeir sem töldu fullyrðinguna sanna túlkuðu hana á svipaðan hátt og hún kemur fyrir. Þeir sem töldu fullyrðinguna ósanna sögðu að það fæli í sér að borðsiðir þeirra heima hjá þeim væru ekki jafn góðir og þegar þeir færu út að borða á veitingahúsi.

Borðsiðir mínir. Þátttakendur skilgreindu borðsiði sína á breiðu bili. Öll hegðun frá því að viðkomandi sest við matarborð og þangað til hann stendur upp og fer frá borði.

Jafn góðir borðsiðir. Þátttakendur töldu jafn góða borðsiði vera eins eða nokkurn veginn eins. Túlkun eins þátttakanda var að viðkomandi væri ekki að reyna vísvitandi að hegða sér öðruvísi á veitingastað heldur en heima hjá sér.

Veitingahús. Viðmælendur töldu veitingahús vera stað þar sem er sest niður, pantaður matur af matseðli og greitt fyrir matinn. Nokkrir töldu skyndibitastaði vera veitingahús. Einn viðmælandi taldi kaffihús flokkast undir veitingahús.

Athugasemdir. Einn þátttakandi taldi að fólk myndi túlka veitingahús á mismunandi hátt, þótt hann hefði sjálfur flokkað skyndibitastaði með. Af þeim sökum taldi hann að þarna þyrfti að laga orðaval. Annar þátttakandi sagði að hér væri gengið út frá því að fólk væri með góða borðsiði, þegar sagt er jafn góðir borðsiðir. Fólk gæti þess vegna verið með hræðilega slæma borðsiði.

Atriði 9. Ef ég gæti laumað mér í bíó án þess að borga og verið viss um að enginn sæi mig þá myndi ég sennilega gera það.

Sex þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, ellefu töldu hana ósanna. Þeir sem töldu fullyrðinguna sanna sögðust ýmist sennilega mundu lauma sér í bíó án þess að borga eða pottþétt, ef þeir væru vissir um að enginn sæi þá. Þeir sem töldu fullyrðinguna ósanna sögðust aldrei mundu lauma sér í bíó án þess að borga.

Að lauma sér. Túlkun þátttakenda var svipuð. Að læðast eða smygla sér vísitandi með því að komast framhjá starfsfólki, nota falsaðan miða eða fara inn bakdyramegin.

Án þess að borga. Túlkun þátttakenda var svipuð. Að greiða ekki aðgangseyri. Einn viðmælandi taldi viðkomandi þá ekki aðeins sleppa því að greiða fyrir miðann heldur sleppa því að borga starfsfólki kvikmyndahússins laun. Annar viðmælandi taldi þetta vera að stela.

Að vera viss um að enginn sæi mig. Að ganga úr skugga um að enginn sæi viðkomandi. Þátttakendur voru spurðir hver væri enginn í þessu samhengi. Margir töldu það aðeins vera starfsfólk í kvikmyndahúsinu. Hluti taldi engan vera starfsfólk og aðra gesti. Einn viðmælandi taldi að það væri verið að biðja fólk um að útiloka að það væri hrætt um að laumast inn vegna þess að það gæti einhver komist að því og það gæti hugsanlega fengið einhverja refsingu eða yrði litið hornauga.

Sennilega. Þátttakendur skilgreindu sennilega á nokkuð svipaðan hátt. Líklega eða mjög líklega, svona 60-70% líkur, ekki alveg viss, kannski, viðkomandi hugsar sig um.

Athugasemdir. Nokkrir þátttakendur höfðu athugasemdir um fullyrðinguna. Einn viðmælandi sagði að ef orðið sennilega kæmi ekki fyrir í fullyrðingunni þá væri kannski auðveldara að svara. Annar viðmælandi taldi spurningunni beint að manneskjunni sjálfri, hvort henni fyndist almennt í lagi að svindla sér inn. Einn taldi fullyrðinguna heimskulega. Annar sagði að ef hann sjálfur væri í þessum aðstæðum þá myndi hann passa að alls enginn sæi hann en taldi fullyrðinguna eiga við um starfsfólk eingöngu. Einnig nefndi þátttakandi sem taldi fullyrðinguna sanna að hann legði ekki í vana sinn að gera þetta.

Atriði 10. Í nokkrum tilfellum hef ég hætt að reyna eitthvað vegna þess að ég hafði ekki trú á eigin getu.

Tólf þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, fjórir töldu hana ósanna. Einn sagðist ekki geta svarað. Þeir sem töldu fullyrðinguna sanna umorðuðu hana lítillega með því að nota önnur orð í staðinn fyrir í nokkrum tilfellum. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna ósanna sögðust aldrei eða mjög sjaldan hafa hætt að reyna eitthvað vegna þess að þeir höfðu ekki trú á eigin getu.

Tilfelli. Hluti sagðist ekki hafa séð sérstakt tilfelli fyrir sér. Nokkrir nefndu íþróttir, aðrir nefndu dæmi eins og nám, vinnu, að sækja um í skóla, að koma opinberlega fram, að gera við bíl, að hætta að reykja. Einnig var nefnt að tilfelli í þessu samhengi væru mikilvæg tímamót í lífinu.

Í nokkrum tilfellum. Þátttakendur túlkuðu þetta á mismunandi hátt. Nokkrir töldu þetta vera oftár en tvisvar, þrisvar eða nokkrum sinnum. Aðrir töldu þetta vera mjög sjaldan, einstaka sinnum, oftár en aldrei, oftár en einu sinni, oftár en tvisvar, fjögur til fimm skipti yfir ákveðið tímabil, tvö skipti af fimm sem viðkomandi hefur verið í þeim aðstæðum að hafa ekki trú á eigin getu, einu sinni á ári, innan við fimm til sex tilfelli yfir ævina, af og til í gegnum árin.

Hætta að reyna eitthvað. Almenn skilgreindu þátttakendur þetta sem að gefast upp við að ná einhverju markmiði. Sumir töldu þetta vera að gefast alveg upp, þar af voru þeir sem töldu fullyrðinguna ósanna, aðrir töldu þetta vera að taka pásu í ákveðinn tíma. Einn viðmælandi sagði að viðkomandi hlyti að vera að gera eitthvað ef hann væri að reyna það, þó hann væri ekki að leggja sig 100% fram. Einnig var orðalagið túlkað þannig að viðkomandi væri að hætta við eitthvað áður en hann byrjaði á því.

Trú á eigin getu. Nokkrir túlkuðu trú á eigin getu sem sjálfstraust eða trú á sjálfum sér. Einhverjir túlkuðu það sem mat á eigin hæfileikum, trú á eigið ágæti, að hafa það sem þarf til að gera eitthvað. Nefnt var að hafa ekki trú á eigin getu fælist í því að skorta þekkingu og vita það.

Geta. Nokkrir skilgreindu getu ekkert frekar. Sumir sögðu að geta færi eftir eðli verkefnis hverju sinni. Einhverjir skilgreindu getu sem hæfileika eða getu til allra hluta, eins og að ganga, skilja eða hugsa. Nefnt var að geta væri hæfni en ekki geta til þess að gera eitthvað ákveðið, einnig að geta væri ekki hæfni heldur vilji. Einnig var nefnt að geta væri líkamlegur og andlegur styrkur.

Athugasemdir. Einn þátttakandi nefndi að stundum vissi fólk að það gæti gert eitthvað, hefði trú á eigin getu, en hætti samt við.

Atriði 11. Það kemur fyrir að mér finnist gaman að slúðra.

Sautján þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna.

Það kemur fyrir. Nokkrir töldu það vera einstaka sinnum eða einu sinni eða oft. Aðrir nefndu örsjaldan, annað slagið, stundum, á stundum, þónokkur skipti á ári, eitt og eitt skipti, ekki oft. Nokkrir nefndu dæmi um aðstæður eða manneskju sem þeir slúðra með eins og á mannamótum, í réttum hópi, við maka. Einnig var nefnt að þetta næði yfir mjög mismunandi mikinn fjölda og það þyrfti fá skipti þess að falla undir þessa skilgreiningu. Einn taldi ekki nóg að þetta hefði gerst einu sinni til að viðkomandi gæti svarað satt.

Að slúðra. Þátttakendur skilgreindu slúðra á svipaðan hátt. Að tala um hluti sem eru ekki endilega sannir sem tengjast fólki sem viðkomandi þekkir eða þekkir ekki og án þess að fólkið sem um ræðir viti af því. Nokkrir sögðu að það væri að bera sögur áfram sem eru ekki frá fyrstu hendi, að tala illa um aðra, segja persónulega hluti um fólk sem eiga ekki að heyrast eða gaspra um líf annarra. Nefnt var að slúðra væri neikvætt orð yfir að tala um aðra. Einnig var nefnt að það væri eins og viðkomandi liði eins og það væri ákveðið fólk og hlutir sem mætti slúðra um og sem væri gaman að slúðra um. Einn viðmælandi sagði að slúðra væri tala um það sem stendur í slúðurbliðum.

Athugasemdir. Einn þátttakandi kom því á framfæri að honum fyndist ekki gaman að lesa slúðurblið. Annar taldi að allir sem segðu ósatt við þessari fullyrðingu væru að skrökva.

Atriði 12. Það hefur komið fyrir að mig langi að setja mig upp á móti yfirvaldi jafnvel þó ég viti að það hafi rétt fyrir sér.

Þrjú þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, fjórtán töldu hana ósanna. Þeir sem töldu fullyrðinguna sanna lögðu áherslu á að þeir hefðu ekki gert neitt í því. Þeir sem töldu fullyrðinguna ósanna sögðu ýmist að þetta hefði aldrei eða ekki komið fyrir, aðallega vegna síðasta hluta fullyrðingarinnar, „þó viðkomandi viti að yfirvald hafi rétt fyrir sér“.

Það hefur komið fyrir. Hluti skilgreindi það hefur komið fyrir þannig að það hafi einhvern tímann gerst eða að það hafi gerst að minnsta kosti einu sinni og einu sinni væri nóg til að svara satt. Einnig var orðasambandið túlkað sem að viðkomandi væri með ákveðið atvik í huga, sem endrum og sinnum, á fjögurra ára fresti og að hafa nokkrum sinnum dottið eitthvað í hug.

Að setja sig upp á móti. Hluti taldi þetta vera að mótmæla. Nokkrir töldu þetta vera að vera ósammála. Einnig var nefnt að gera eitthvað til að reyna að ná til yfirvalda, hungurverkfall, mótmæli, róttækar aðgerðir, uppreisn. Að vera opinberlega á móti þannig að yfirvald og aðrir sjái að viðkomandi er að setja sig upp á móti. Að hneykslast við annað fólk, rífast, setja fótinn fyrir dyrnar, andmæla, koma á framfæri að viðkomandi hafi aðra skoðun. Að reyna að rökræða og kveða einhvern í kútinn með eigin skoðun sem viðkomandi veit að er vitlaus.

Yfirvald. Margir töldu yfirvald vera stjórnvöld í landi, stjórnendur á vinnustað, kennara, stjórnendur í skóla og foreldra. Nokkrir skilgreindu yfirvald sem einhvern sem hefur meira vald en næsti maður eða viðurkennd völd. Sumir nefndu lögreglu og einn nefndi kennara á leikskóla. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna túlkuðu yfirvald sem kennara, foreldra eða yfirmann í vinnu.

Það hafi rétt fyrir sér. Nokkrir töldu í orðalaginu felast nákvæmlega það, að það hafi rétt fyrir sér, án þess að skýra það nánar. Nokkrir túlkuðu „það hafi rétt fyrir sér“ þannig að yfirvald færi með rétt mál. Einn viðmælandi túlkaði orðalagið eins og að viðkomandi tæki skynsamlega ákvörðun sem er góð fyrir heildina, eða segði eitthvað sem er rétt og sanngjarnt. Annar sem taldi fullyrðinguna sanna sagði að orðalagið fæli í sér svart og hvítt mál sem væri rétt og röng hlið á, þetta væru ekki túlkunaratriði eða skoðun eða mismunandi leiðir að einhverju markmiði. Nokkrir viðmælendur nefndu dæmi um það sem þeir hugsuðu um þegar þeir ákváðu svar sitt. Ef einhver nákominn myndi brjóta af sér og viðkomandi myndi langa til að setja sig upp á móti lögreglunni fyrir að hafa handtekið hann. Viðkomandi myndi vita að lögreglan hefði rétt fyrir sér af því sá sem var handtekinn gerði rangt. Einnig var nefnt tilfelli í vinnu þar sem viðmælandi taldi það ekki þess virði að rökræða við framkvæmdastjóra fyrirtækis þegar hann vissi að framkvæmdastjórinn hafði rétt fyrir sér. Tekið var dæmi um manneskju sem fær hraðasekt, sem veit að hún var að keyra of hratt og

veit að yfirvald hefur rétt fyrir sér. Einn viðmælandi sem taldi fullyrðinguna sanna sagði að stundum þyrfti yfirvald eða ríkið að taka vondar ákvarðanir til þess að bæta heiminn en það bitnaði á vitlausu fólki. Einnig nefndi viðmælandi sem taldi fullyrðinguna ósanna að stjórnvöld setji til dæmis á skatta sem þau hafa rétt á að gera og viðkomandi setji sig ekki upp á móti því, þó hann myndi langa til að gera það.

Athugasemd. Einn viðmælandi sem taldi fullyrðinguna ósanna sagðist í lokin túlka yfirvald á víðari hátt en hann gerði fyrst (lögreglan), það gæti verið yfirmaður eða kennari, og þá yrði svar við fullyrðingunni kannski allt annað.

Atriði 13. Það er sama við hvern ég tala, ég hlusta alltaf af athygli.

Tveir þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, fimmtán töldu hana ósanna. Þeir þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna túlkuðu hana svipað og hún kemur fyrir. Þeir sem töldu hana ósanna túlkuðu hana þannig að þeir hlustuðu sjaldnar en alltaf af athygli á fólk sem það er að tala við.

Það er sama við hvern ég tala. Hluti, þar á meðal þeir sem töldu fullyrðinguna sanna, taldi þetta geta átt við um hvern sem er, kunnugan jafnt sem ókunnugan. Annar viðmælandi sem svaraði satt taldi þetta geta verið hver sem er, fyrir utan fólk sem áreitir hann þegar það reynir að tala við hann. Sumir sögðust hafa hugsað um sérstakt fólk þegar þeir svöruðu fullyrðingunni. Einn sagðist hafa borið saman leiðinlegan og skemmtilegan fyrirlesara. Einnig voru nefndir litlir krakkar, yfirmaður, fjölskylda og allt fólk sem viðkomandi talar við. Einn viðmælandi sagðist ekki ákveða að missa einbeitingu heldur bara gerðist það sama hver stæði fyrir framan viðkomandi.

Hlusta af athygli. Þátttakendur skilgreindu þetta orðalag á nokkuð svipaðan hátt. Að taka eftir öllum atriðum, svipbrigðum og líkamstjáningu þegar einhver talar. Að grípa ekki fram í, sýna manneskjunni að viðkomandi er að hlusta og leggja á minnið það sem er sagt. Heyra hvað fólk segir og geta brugðist við í samræmi, að geta gefið gagnrýnin svör. Að taka inn það sem viðkomandi er að segja, hugsa ekki um eitthvað annað og ekki fara á sjálfsstýringu og segja já á réttum stöðum. Að meðtaka allt sem sagt er, vera með á nótunum. Að fylgjast með, átta sig á þræði og samhengi í frásögn. Að hlusta og spyrja ef viðkomandi skilur ekki merkingu frásagnar. Að vita hvað

manneskjan er að tala um og geta sýnt samkennd eða veitt ráðleggingar. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna túlkuðu hlusta af athygli á svipaðan hátt og þeir sem svöruðu ósatt. Að hlusta, skilja, svara og horfa á manneskju á meðan hún talar.

Alltaf. Hluti skýrði alltaf sem öll skipti, 100%, undantekningalaust. Nokkrir töldu alltaf eiga við um hvert skipti sem einhver talar við viðkomandi. Sumir töldu það eiga við allt sem aðilinn segir sem viðkomandi er að tala við. Einn viðmælandi taldi alltaf vera allir, að hlusta á alla af athygli. Annar viðmælandi sagðist finnast orðið alltaf erfitt í þessu samhengi, að hann hefði svarað fullyrðingunni með orðið oftast í huga.

Athugasemd. Tveir viðmælendur komu því á framfæri í lokin að ef yfirleitt væri sett í stað alltaf þá hefðu þeir sagt að fullyrðingin væri sönn.

Atriði 14. Ég man eftir að hafa gert mér upp veikindi til að sleppa við eitthvað.

Fjórtán þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, þrír töldu hana ósanna. Þeir sem svöruðu fullyrðingunni satt sögðust muna eftir því að hafa gert sér upp veikindi til að sleppa við eitthvað. Þeir sem svöruðu ósatt sögðust ekki muna eftir því.

Ég man eftir. Hluti sagðist muna eftir ákveðnu tilfelli eða tilfellum. Einhverjir sögðust ekki muna eftir ákveðnu tilfelli en sögðust vita að þetta hefði komið fyrir. Einnig var orðalagið skilgreint sem að muna eftir að hafa gert þetta á ákveðnum tímabilum, að muna eftir ákveðnu tilfelli úr æsku og að það hafi komið fyrir bæði í æsku og á fullorðinsárum. Þeir sem töldu fullyrðinguna ósanna túlkuðu „ég man eftir“ þannig að ef viðkomandi hugsaði tilbaka fimm til tíu ár þá myndi hann muna eftir því að hafa gert sér upp veikindi og að muna eftir að hafa gert þetta einu sinni eða oftar.

Að gera sér upp veikindi. Hluti sagði það fela í sér að hringja eitthvert. Að hringja í vinnu eða skóla og segjast vera lasinn. Margir sögðu að það fæli í sér að þykjast vera veikur eða segja ósatt um ástand líkamans. Einn nefndi að hann gerði sér upp veikindi þegar hann væri í raun timbraður eftir áfengisdrykkju.

Veikindi. Margir nefndu kvef, hita, flensu og slappleika. Einnig var nefndur magaverkur, höfuðverkur, hálsbólga, ælupest, ónot, vanlíðan, að vera lasinn. Einn viðmælandi sagðist hafa séð fyrir sér tilfelli sem fæli ekki beint í sér

veikindi, það er, að segjast vera á blæðingum. Viðmælandi sem taldi fullyrðinguna ósanna sagði að fólk gerði sér ekki upp alvarleg veikindi nema til þess að gera afsökun sína rosalega veigamikla þannig að aðrir finni virkilega til með því.

Að sleppa við eitthvað. Margir sögðu að þetta fæli í sér að sleppa við vinnu, skóla eða próf. Nokkrir nefndu skólasund og íþróttæfingu. Einnig var nefnt ættarmót, unglingavinna og eitthvað sem viðkomandi langar ekki til að gera. Einn viðmælandi setti upp dæmi um manneskju sem ynni við bókhald og myndi sleppa því að mæta í vinnu á útborgunardegi.

Atriði 15. Það hefur komið fyrir að ég hafi notfært mér einhvern.

Tólf þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, fjórir töldu hana ósanna. Einn þátttakandi sagðist ekki vita hverju hann átti að svara. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna túlkuðu það að notfæra sér einhvern á misalvarlegan hátt og sögðu að þetta hefði komið sjaldan fyrir. Þeir sem töldu fullyrðinguna ósanna túlkuðu það að notfæra sér einhvern á slæman hátt.

Það hefur komið fyrir. Margir sögðu að það væri nóg að þetta hefði komið fyrir einu sinni til þess að svara satt. Einnig var nefnt að þetta væri frá einum upp í hundrað skipti, nokkrum sinnum, einstaka sinnum, mjög lág tíðni, að það hafi einhvern tímann gerst, oftast en einu sinni. Einn viðmælandi sagði að þetta væri ekki eitthvað sem viðkomandi stundaði, heldur væri tilfallandi. Annar viðmælandi sem taldi fullyrðinguna ósanna túlkaði þetta þannig að þá væri hann að hugsa um ákveðið atvik sem hefði átt sér stað fyrir einhverjum árum síðan.

Að notfæra sér einhvern. Þátttakendur skýrðu þetta orðalag á mismunandi hátt. Að nýta sér aðstöðu einhvers, vináttu, æðri stöðu gagnvart einhverjum, góðmennsku, nýta sér einhvern til að fá sínu framgengt, að nýta sér einhvern í von um ávinning, að fá einhvern til að keyra sig, að taka það sem sjálfsagðan hlut að fá aðstoð. Einn viðmælandi nefndi dæmi um að komast frítt í bíó vegna tengsla við bíóstjóran, sem viðkomandi taldi ekki neikvætt þó hann teldi fullyrðinguna tengjast einhverju neikvæðu, að notfæra sér eitthvað sem viðkomandi ætti ekki að gera. Nokkrir viðmælendur töldu þetta ekki þurfa að vera neikvætt. Einn af þeim nefndi dæmi um að fá glósur hjá einhverjum af því viðkomandi nennti ekki í skólann. Annar af þeim sagði að það væri hægt að

notfæra sér einhvern sem tól, tæki eða stökkpall án þess að það væri neikvætt. Einn viðmælandi sem taldi fullyrðinguna ósanna taldi betra að orðalag væri skýrara en í þessu samhengi túlkaði hann þetta þannig að viðkomandi hefði nýtt sér einhvern á óeðlilegan hátt. Annar viðmælandi sem taldi fullyrðinguna ósanna taldi að ef viðkomandi vissi að einhver myndi gera eitthvað fyrir hann af því hann væri hræddur við viðkomandi, liti upp til hans eða væri háður honum líkamlega, þá væri viðkomandi að notfæra sér aðilann. Nokkrir túlkuðu þetta þannig að fá manneskju með sér á röngum forsendum, að fegra hlutina, til þess að koma sér áfram eða að notfæra sér einhvern þannig að það kemur sér illa fyrir aðilann.

Einhver. Margir töldu einhvern í þessu samhengi geta verið hver sem er. Nokkrir sögðu að þetta væri einhver sem viðkomandi þekkti. Aðrir nefndu yfirmann, vin, fjölskyldu eða einhvern sem er tengdur viðkomandi.

Athugasemdir. Þátttakendur höfðu ýmsar athugasemdir. Einn viðmælandi sem svaraði ósatt taldi orðalagið að notfæra sér einhvern of óskýrt og opið. Hann sagðist vilja vita hvað höfundur spurningarinnar væri að meina með þessu, með því að beina þessu meira í einhverja ákveðna átt og orða þetta öðruvísi. Tveir viðmælendur sögðu að það að notfæra væri huglæg notkun, það yrði enginn fyrir skaða og þetta væri ekki kynferðislegt. Einn taldi það að notfæra sér einhvern ekki þurfa að vera slæmt, til dæmis að fá meðmæli hjá fyrrverandi yfirmanni. Annar viðmælandi sem taldi fullyrðinguna sanna lagði áherslu á það í lokin að þetta þyrfti ekki að vera neikvætt og sagðist ekki muna eftir neinum sem hann hafði notfært sér í neikvæðri merkingu.

Atriði 16. *Ég er alltaf reiðubúinn að viðurkenna það þegar ég geri mistök.*

Sex töldu fullyrðinguna sanna, ellefu töldu hana ósanna. Þeir sem töldu fullyrðinguna sanna túlkuðu hana á nokkuð mismunandi hátt. Sama gildir um þá sem töldu fullyrðinguna ósanna.

Alltaf. Margir töldu alltaf vera í hvert skipti, undantekningalaust. Einn taldi alltaf vera oftast. Þeir sem svöruðu satt töldu alltaf vera alltaf á endanum en ekki hvenær sem er í ferlinu þegar mistökin eru gerð, langoftast, 100%, í hvert einasta skipti en viðkomandi hefði frekar viljað hafa þetta yfirleitt alltaf.

Reiðubúin(n) að viðurkenna það. Þátttakendur túlkuðu orðalagið ýmist sem að játa að hafa gert mistök, að vera tilbúinn til að viðurkenna eða tilbúinn til þess að vera heiðarlegur, að láta aðra vita eða að finnast ekki erfitt að viðurkenna. Einnig var það túlkað sem ástandið áður en viðkomandi viðurkennir eða að segja það strax. Einn taldi þetta eiga við um að vera búinn að átta sig á því að hafa gert mistök en vera ekki tilbúinn að segja það strax. Margir töldu þetta eiga við bæði um tilfelli þar sem viðkomandi viðurkennir þegar hann er spurður og af fyrra bragði. Fáir töldu þetta eiga aðeins við um annað hvort.

Mistök. Þátttakendur skilgreindu mistök á mismunandi hátt. Nokkrir töldu mistök vera að gera eitthvað rangt eða að misskilja. Einnig var nefnt að særa með orðum eða gera eitthvað á hlut einhvers, sem er viljandi eða óvart. Einnig að draga ályktun á röngum forsendum, of fljótt. Þá kom fram að það lægi einhver sök hjá viðkomandi, þetta væru mistök í samskiptum við aðra, að gera eitthvað vitlaust, að halda einhverju fram eða gera eitthvað sem kom í ljós að var rangt. Nefnd voru dæmi um mistök en þátttakendur töldu margt koma til greina. Að slá vitlaust inn í afgreiðslukassa í vinnu, að rífast við einhvern og hafa rangt fyrir sér, mistök í hjónabandi, smávægileg mistök eins og að þvo buxur á 60 gráðum í staðinn fyrir 30 gráðum, að halda framhjá, gera mistök í íþróttaleik.

Athugasemd. Einn viðmælandi taldi fullyrðinguna vera skýra.

Atriði 17. Ég reyni alltaf að hegða mér í samræmi við eigin ráðleggingar.

Sjö þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, tíu töldu hana ósanna. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna sögðu að það fælist í því að þeir reyndu alltaf, hvort sem það tækist eða ekki. Þeir sem töldu fullyrðinguna ósanna sögðust ekki alltaf reyna að hegða sér í samræmi við eigin ráðleggingar af ýmsum ástæðum, eins og að ráðleggingar þeirra til annarra hæfðu ekki alltaf þeim sjálfum.

Alltaf. Hluti taldi alltaf vera ávallt og undantekningalaust. Nokkrir töldu það vera í hvert skipti sem viðkomandi er að fara að gera eitthvað sem hann hefur einhvern tímann ráðlagt þá reyni hann að gera eins og hann ráðlagði. Einn sagði að þetta væri eins og ef viðkomandi myndi aldrei hegða sér í ósamræmi við eigin ráðleggingar. Annar viðmælandi taldi alltaf vera 100% og lagði áherslu á að það ætti við um að reyna alltaf, það ætti ekki við um að hegða sér alltaf. Einhverjir töldu alltaf vera oftast eða níu af hverjum tíu skiptum.

Að reyna. Þátttakendur skýrðu orðið að reyna á svipaðan hátt. Að leggja sig fram eftir sinni bestu vitund og getu. Að leitast við að fara þá leið sem viðkomandi ráðleggur öðrum. Ef viðkomandi hugsar um það, þá er hann að reyna. Margir töldu mun á því að reyna að hegða sér og hegða sér í samræmi við eigin ráðleggingar. Viðmælendur töldu muninn felast í því að ef viðkomandi reynir þá leggur hann sig fram og gerir sitt besta, hvort sem það tekst eða ekki. Hins vegar ef viðkomandi hegðar sér þá er það meiri alhæfing og fullyrðing, þá tekst það. Nokkrir sögðust mundu svara öðruvísi ef orðið reyna væri ekki í fullyrðingunni.

Að hegða sér. Misjafnt var hvað þátttakendur töldu felast í hegðun í þessu samhengi. Nefnd var framkoma við aðra, framkoma við eigið barn, að verða ekki sjálfum sér og öðrum til skammar eða aðferð sem er notuð til að leysa verkefni. Einnig voru samskipti kynjanna nefnd, hreyfing, hvaða leið viðkomandi fer í lífinu og hvernig hann er á stað og stund, gildi hvers og eins í lífinu, athafnir, nám.

Í samræmi. Þátttakendur töldu orðalagið í samræmi ýmist vera að hlutirnir væru eins eða svipaðir. Einnig var nefnt að viðkomandi reyndi að standa við það sem hann segði við annan og ef ráðleggingar eins aðila geta gengið fyrir annan þá eru þær í samræmi. Einnig kom fram að halda sig við ákveðinn ramma, að fylgja einhverju, að viðkomandi geri hlutinn líka.

Eigin ráðleggingar. Viðmælendur túlkuðu ráðleggingar ýmist sem almenn ráð um lífið eða nefndu dæmi um ráðleggingar. Að segja einhverjum hvernig viðkomandi finnst að aðilinn eigi að hegða sér í ákveðnum aðstæðum. Það sem viðkomandi ætlar að gera sjálfur, eigin hugsanir, eigin lífsgildi, eigin heimspeki, eigið siðferði, eigin markmið, hugmynd um nálgun að verkefni. Dæmi þátttakenda um eigin ráðleggingar voru að fara í ræktina, ráðleggingar um mataræði, hvernig á að ala upp börn, bæði hvernig viðkomandi ráðleggur öðrum að ala upp börn og hvernig viðkomandi ráðleggur eigin börnum um hegðun, framkomu og mannasiði. Einn viðmælandi sagði ráðleggingar sínar byggjast á eigin reynslu í lífinu, bæði starfslega séð og í barnauppeldi.

Athugasemdir. Einn viðmælandi sem túlkaði eigin ráðleggingar sem lífsgildi frekar en einstaka ráðleggingar sagði að hann hefði svarað ósatt ef hann

hefði túlkað eigin ráðleggingar öðruvísi, af því ráðleggingar hans til vina eða fjölskyldu færu eftir þeirra aðstæðum.

Atriði 18. Mér finnst ekki sérstaklega erfitt að láta mér lynda við fólk sem er hávært og óþolandi.

Fjórir þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, þrettán töldu hana ósanna. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna umorðuðu hana lítillaga. Þeir sem töldu hana ósanna töldu erfiðara en ekki sérstaklega erfitt að láta sér lynda við fólk sem er hávært og óþolandi.

Ekki sérstaklega erfitt. Margir túlkuðu orðalagið á svipaðan hátt. Ekki mjög erfitt, dálítið erfitt, lítið erfitt, nokkuð auðvelt, auðvelt, að eiga stundum erfitt með það, yfir höfuð væri það frekar auðvelt. Einn viðmælandi sagði að orðið sérstaklega þyrfti ekki að vera þarna, að hann hefði ekki lesið það þegar hann svaraði. Annar viðmælandi lýsti ekki sérstaklega erfitt þannig að viðkomandi tæki eftir því að fólk væri hávært og óþolandi en léti það kyrrt liggja. Einn þátttakandi skilgreindi sérstaklega erfitt sem ógeðslega erfitt. Þátttakendur töldu að það væri merkingarlegur munur á fullyrðingunni ef orðið sérstaklega væri tekið út. Hluti taldi ekki sérstaklega erfitt merkja þínu erfitt en ekki erfitt merkja ekki neitt erfitt. Annar hópur taldi ekki sérstaklega erfitt gefa til kynna að eitthvað væri hugsanlega erfitt en taldi ekki erfitt merkja aldrei erfitt. Nefnt var að með orðinu sérstaklega í fullyrðingunni teldi viðkomandi að hávært og óþolandi fólk skipti ekki máli. Einn taldi fólk líklegra til að segja að fullyrðingin væri sönn ef orðið sérstaklega væri tekið. Annar sagði að hann myndi segja ósatt ef orðið sérstaklega væri tekið. Einn viðmælandi taldi orðið sérstaklega vera orðflúr og ekki bæta neinu við „ekki erfitt“.

Að láta sér lynda við fólk. Nokkrir töldu það vera að geta umborið mismunandi fólk. Einnig var nefnt að í því fælist að líka við fólk og eiga samleið með því. Einn viðmælandi taldi það vera að geta átt samræður við fólk á bar einu sinni í viku. Annar túlkaði það sem að halda samskiptum góðum, án þess að þurfa endilega að kíkja í kaffi. Einnig var sagt að það væri að geta orðið vinur fólks, talað við það og tekið því eins og það er.

Hávært fólk. Fólk sem er hávaðasamt, athyglissjúkt, sígjammandi og með læti. Einnig fólk sem grípur fram í fyrir öðrum, er stórkaralegt, fyrirferðamikil, sjálfumglatt og með derring.

Óþolandi fólk. Nokkrir töldu það persónubundið á hvaða hátt fólk er óþolandi, það væri enginn almennt óþolandi og þó að einum aðila fyndist tvær manneskjur óþolandi þá væru þær ekki endilega óþolandi á sama hátt. Hluti lýsti einkennum óþolandi fólks. Fólk sem talar eingöngu um sjálft sig, fólk sem hlustar ekkert á aðra, pirrandi fólk, fólk sem les aðstæður vitlaust og fattar ekki hvað má tala um hverju sinni, afskiptasamt og athyglissjúkt fólk, leiðinlegt og sígjammandi fólk. Fólk sem viðkomandi á erfitt með að höndla, sem er mjög ólíkt viðkomandi og er ósammála viðkomandi um hvernig hlutirnir eiga að vera. Sumir töldu orðin hávært og óþolandi fylgjast að, en aðrir töldu það ekki. Hluti taldi sig geta látið sér lynda við fólk sem er hávært en ekki óþolandi. Einn sagði kannski. Nokkrir töldu sig geta látið sér lynda við fólk sem er óþolandi en ekki hávært. Einhverjir töldu það felast í merkingu orðsins óþolandi að geta ekki látið sér lynda við óþolandi fólk.

Athugasemdir. Einn þátttakandi taldi erfitt að svara fullyrðingunni af því að hvorki orðið aldrei né orðið alltaf kom fyrir. Einn taldi fullyrðinguna skrítna. Annar viðmælandi tók það fram að honum fyndist erfitt að segja satt við fullyrðingunni þegar orðið óþolandi væri í henni, það væri furðulegt að spyrja hvort fólk ætti erfitt með að þola óþolandi fólk af því það felst í orðinu sjálfu. Annar viðmælandi taldi fullyrðinguna flókna, án þess að geta skýrt það nánar.

Atriði 19. Stundum reyni ég að hefna mín frekar en að fyrirgefa.

Sex þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, ellefu töldu hana ósanna. Þátttakendur umorðu fullyrðinguna lítilega þegar þeir svöruðu henni.

Stundum. Viðmælendur túlkuðu stundum á mismunandi hátt. Nokkrir sögðu að það kæmi fyrir eða einstaka sinnum. Einnig var nefnt í einhverjum tilfellum, einhver skipti af öllum, örsjaldan, sjaldan, að meðaltali tvisvar til þrisvar sinnum á ári, að viðkomandi muni eftir þremur skiptum, oftast en einu sinni, oftast en tvisvar og á milli þess að koma fyrir og aldrei.

Að reyna. Nokkrir töldu í því felast að langa til að hefna sín og hugsa leiðir til þess að gera það. Einhverjir töldu orðið reyna gera hefndina að

ákvörðun sem er tekin fyrirfram. Margir töldu vera merkingarlegan mun á því að reyna að hefna sín og hefna sín. Munurinn væri til dæmis sá að annars vegar gerði einhver sitt besta til að hefna sín en það tækist ekki alltaf og hins vegar tækist einhverjum alltaf að hefna sín. Einhverjir töldu að viðkomandi myndi hefna sín á stundinni og þyrfti ekki að hugsa sig um, ef orðið reyna væri tekið burt. Einn taldi ekki vera mun á því vegna þess að ef einhver reyndi að hefna sín þá væri hann að hefna sín.

Að hefna sín. Hluti þátttakenda taldi í því felast að gera einhverjum eitthvað sem gerði eitthvað slæmt á hlut viðkomandi, viðkomandi er ósáttur við eða reifst við. Nokkrir túlkuðu að hefna sín sem að koma höggi á einhvern. Einnig var nefnt að reyna að láta einhverjum líða eins og viðkomandi leið sjálfum þegar eitthvað gerðist. Einn viðmælandi taldi orðið hefna vera sterkt og sagðist hafa hugsað svar sitt út frá því að vera tilbúinn að halda einhverju áfram, eins og rifrildi, frekar en að leita sátta. Einn tók dæmi um að vera laminn og lemja tilbaka í hefndarskyni.

Frekar en að. Nokkrir töldu frekar en að hafa svipaða merkingu og í staðinn fyrir. Einnig var nefnt heldur en að og annað hvort. Einhverjir sögðu að þá kæmi hefndin fyrst upp í hugann og hefndin yrði valin. Einnig var sagt að þá hugsaði viðkomandi meira um að hefna sín heldur en að fyrirgefa, hann ætlaði ekki að reyna að fyrirgefa, hann ætlaði að reyna að hefna sín. Einnig var sagt að frekar en að væri svona 50/50 á milli þess að hefna sín og fyrirgefa. Einn túlkaði þetta eins og erfiðari leiðin væri að fyrirgefa. Einn viðmælandi sagði að þessu væri stillt upp eins og þetta væru einu tveir kostirnir en það væri líka hægt að gera ekki neitt.

Að fyrirgefa. Þátttakendur túlkuðu það að fyrirgefa á svipaðan hátt. Að ná sáttum, erfa hluti ekki við neinn, að gleyma því sem gerðist. Að segja að þetta sé í lagi þegar viðkomandi er beðinn fyrirgefningar en þurfa ekki að fyrirgefa strax. Að leita sátta í rifrildi. Að gera ekkert í málunum.

Athugasemdir. Tveir þátttakendur sögðust velta því fyrir sér hvort fullyrðingin ætti við um nútíð eða alla ævi.

Atriði 20. Þegar ég veit ekki eitthvað þá finnst mér ekkert mál að viðurkenna það.

Þrettán þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, fjórir töldu hana ósanna. Viðmælendur sem töldu fullyrðinguna sanna umorðuðu hana lítilega. Þeir sem töldu hana ósanna sögðu það felast í því að finnast vera meira en ekkert mál að viðurkenna þegar þeir vita ekki eitthvað.

Þegar ég veit ekki eitthvað. Nokkrir töldu þetta vera að hafa ekki hugmynd um eitthvað eða að hafa tilfinningu fyrir staðhæfingu en vita í raun ekki. Nokkrir nefndu aðstæður þar sem viðkomandi veit ekki eitthvað eða dæmi um hluti sem viðkomandi veit ekki eitthvað um, í skóla, í vinnu, um tónlist, þrjóna, hvernig eitthvað forrit virkar og hvort kaffið sé búið. Einhverjir sögðu að þetta væri almenn vitneskja sem viðkomandi fyndist eins og allir vissu og að viðkomandi ætti sjálfur að vita en einnig var nefnd vitneskja um hluti sem er allt í lagi að þekkja ekki. Einhverjir túlkuðu orðið eitthvað sem staðreyndir. Einnig var nefnt að vita ekki hvað er verið að tala um, að vita ekki hvernig á að taka á einhverju máli eða að skorta kunnáttu en þykjast hafa hana.

Ekkert mál. Hluti taldi ekkert mál vera mjög auðvelt eða auðvelt. Nokkrir töldu ekkert mál vera að skammast sín ekki, að það reyndi ekki á eða að það væri ekkert tiltökumál. Einnig var nefnt að ekkert mál væri ekki erfitt, lítið mál, að fara létt með eitthvað, að vera tilbúinn að viðurkenna strax, að gera það hiklaust, að efast ekki um sjálfan sig.

Að viðurkenna það. Lítil munur var á því hvernig þátttakendur túlkuðu að viðurkenna það. Hluti viðmælenda taldi viðurkenna það vera að segja frá því að viðkomandi viti ekki eitthvað, einnig að viðurkenna fyrir sjálfum sér. Nokkrir töldu það fara eftir aðstæðum hvort viðkomandi viðurkenndi af fyrra bragði eða aðeins ef spurður, einhverjir töldu þetta aðeins eiga við þegar viðkomandi viðurkennir af fyrra bragði. Einn viðmælendi taldi viðkomandi aðeins viðurkenna ef spurður. Nefnt var að stundum væri betra að viðurkenna strax í upphafi en það gæti komið fyrir að það væri betra að þykjast hafa kunnáttuna. Einn þátttakandi taldi fullyrðinguna eiga við í aðstæðum þar sem verið er að ræða eitthvað en ekki þar sem viðkomandi gengur upp að einhverjum og segjast ekki vita hvað sólin er langt í burtu frá jörðinni. Nefnt var dæmi um einhvern sem á í samræðum sem viðurkennir að hann viti ekki eitthvað með því að segja

ekkert frekar en að þykjast vita. Einhverjir sögðu að viðurkenna væri að segja upphátt en það gæti komið fyrir að einhver viðurkenndi ekki þegar hann vissi ekki eitthvað af því hann var utan við sig, ekki af því hann skammaðist sín.

Athugasemdir. Einn viðmælandi sem svaraði satt bætti því við að hann viðurkenndi ekki, í þeim skilningi að segja við aðra, að hann vissi ekki eitthvað í vissum aðstæðum, til að mynda í prófi. Annar viðmælandi taldi að það vantaði orð eins og stundum eða aldrei í fullyrðinguna.

Atriði 21. Ég er alltaf kurteis, meira að segja við fólk sem mér líkar ekki við.

Ellefu þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, sex töldu hana ósanna. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna umorðuðu hana lítilega eða umorðuðu aðeins fyrri hluta fullyrðingarinnar og slepptu seinni hlutanum. Þeir sem töldu fullyrðinguna ósanna sögðust ýmist vera kurteisir sjaldnar en alltaf eða vera alltaf kurteisir, nema við fólk sem þeim líkaði ekki við.

Alltaf. Hluti viðmælenda taldi alltaf vera undantekningalaust, 100%, í öllum tilfellum eða í hvert skipti sem viðkomandi hefur samskipti við einhvern. Einnig var nefnt yfirleitt alltaf, hartnær alltaf, oftast og tíu til tuttugu sinnum á dag.

Kurteis. Hluti taldi kurteisi felast í því að koma vel fram. Nokkrir töldu kurteisi vera að tala við fólk með hlýjum málróf. Einhverjir töldu það vera að vera hlýr og góður við fólk, svara kurteisislega, heilsa, tala fallega við fólk og sýna virðingu. Einnig var kurteisi talin felast í því að vera tillitssamur, aðstoða eins vel og viðkomandi getur, haga sér vel, að valda fólki ekki gremju, að segja ekki eitthvað óviðeigandi eða leiðinlegt við fólk. Einn viðmælandi taldi kurteisi vera að koma fram við aðra eins og viðkomandi vill að aðrir komi fram við sig. Annar taldi kurteisi vera að taka á móti persónu alveg eins og hún er, taka öllu sem hún segir og ekki þykjast vera betri en hún. Einnig var talið að kurteisi væri huglæg, hún fæli í sér óskráðar reglur sem fólk hefur lært af samfélaginu, sem væru mismunandi eftir menningu og að það væri ekki til nein ein skilgreining á kurteisi.

Meira að segja. Hluti notaði svipað orðasamband til skýringar. Líka, ótrúlegt en satt, jafnvel, meðtalið. Einhverjir töldu meira að segja ýta undir merkingu orðsins alltaf. Einhverjir töldu meira að segja gefa til kynna að það

væri ólíklegra eða erfiðara að vera kurteis við fólk sem viðkomandi líkar ekki við. Einn viðmælandi túlkaði það sem að vera meira en bara kurteis. Annar viðmælandi taldi orðin vera gildishlaðin og að orðið einnig væri hlutlausara.

Fólk sem mér líkar ekki við. Hluti þátttakenda sagðist ekki hafa séð sérstakt fólk fyrir sér þegar hann svaraði fullyrðingunni. Einhverjir sögðust hafa séð sérstakan mann fyrir sér, einn nefndi bekkjarsystkini. Einnig var sagt að þetta væri ekki fólk sem viðkomandi líkaði almennt illa við heldur fólk sem hann þekkti ekki og væri ókurteist við sig, eins og í matvörubúð. Einn viðmælandi sagðist ekki hafa séð sjálfan sig fyrir sér heldur samstarfskonu sem er ekki alltaf kurteis við viðskiptavini. Annar viðmælandi sagðist hafa hugsað um fólk sem gerir óþarfa hluti sem eru ekki fallegir, eins og að segja eitthvað ljótt. Einn sagði að þetta væri fólk sem notfærði sér viðkomandi og reyndi að gera á hans hlut.

Að líka ekki við. Nokkrir túlkuðu líka ekki við sem að finnast einhver vera leiðinlegur, einhver fari í taugarnar á viðkomandi eða að það sé eitthvað sem viðkomandi myndi vilja að væri öðruvísi í fari aðilans. Einnig túlkuðu þátttakendur orðalagið þannig að viðkomandi legði lykkju á leið sína til að komast hjá því að eiga samskipti við aðilann, að viðkomandi hefði slæma reynslu af einhverjum eða væri ósammála honum og líkaði ekki við hann þess vegna. Einn viðmælandi sagði að sér líkaði vel við alla þangað til hann vissi betur, fólk sem honum líkaði illa við ynni sér það inn. Einnig var sagt að geðjast ekkert að og hafa ekki áhuga á að umgangast viðkomandi.

Athugasemdir. Einn viðmælandi sagði að hann talaði við margt fólk í sinni vinnu. Stundum reyndi hann að vera kurteis við einhvern en það væri bara ekki hægt að vera það ef hann vildi fá sínu framgengt.

Atriði 22. Á stundum þá krefst ég þess að fá mínu framgengt.

Sautján þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna. Þeir umorðuðu fullyrðinguna aðeins lítillega þegar þeir svöruðu henni.

Á stundum. Nokkrir túlkuðu á stundum þannig að það komi fyrir. Einnig var á stundum túlkað sem ákveðin augnablik, annað slagið, einhver skipti og að það hafi gerst tvisvar, þrisvar. Hluti þátttakenda taldi ekki vera merkingarlegan mun á orðinu stundum og á stundum. Einn þátttakandi skilgreindi á stundum

sem stundum eða í sumum tilfellum. Hann taldi þó vera mun á þessu tvennu en sagðist ekki vita hver munurinn væri. Einn viðmælandi sagðist hafa haldið að á ætti ekki að vera þarna, að þetta væri vitlaust skrifað, annar viðmælandi taldi á-ið vera málfræðilega rangt. Nokkrir töldu vera merkingarlegan mun á stundum og á stundum. Einhverjir töldu á stundum vera bundið við tíma en stundum vera tilviljanakennt. Einnig var á stundum talið vera sjaldnar en stundum. Annar þátttakandi taldi á stundum vera mikilvægari augnablik en stundum.

Að krefjast þess. Viðmælendur túlkuðu krefjast þess á nokkuð svipaðan hátt. Að setja fram ákveðnar kröfur um eitthvað, að gefa sig ekki sama hvað tautar og raular, getur jaðrað við að vera frekja. Að láta ekki undan þegar viðkomandi vill fá eitthvað og einhver er mótfallinn því. Að rökræða. Að gefa úrslitakosti og ýta á fólk að það fylgi hugmyndum viðkomandi. Að fara grimmt fram á eitthvað.

Að fá sínu framgengt. Þátttakendur skilgreindu þetta almennt sem að viðkomandi fái það sem hann vill, hvort sem það eru áform, kröfur eða hugmyndir. Nefnd voru dæmi. Að fjölskylda hafi keypt bíl sem viðkomandi vildi að yrði keyptur. Að fá sínu framgengt í vinnu, fá borguð laun eða bónusa. Að fá sínu framgengt við maka eða í skólaverkefni. Að hindra að einhver ryðjist fyrir framan viðkomandi í röð. Einn viðmælandi taldi orðalagið frekt og sagði að það gæti verið ósanngirni falin í því að fá sínu framgengt.

Atriði 23. Það hefur komið fyrir að mig hafi langað til að mölva hluti.

Fimmtán þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, tveir töldu hana ósanna. Þátttakendur umorðuðu fullyrðinguna lítilega þegar þeir svöruðu. Þeir sem svöruðu ósatt töldu sig ekki hafa langað til að mölva hluti.

Það hefur komið fyrir. Allir töldu að það væri nóg að það hafi komið fyrir einu sinni til þess að svara satt. Einhverjir töldu þetta vera oftár en aldrei eða að þetta hefði komið fyrir. Einn viðmælandi túlkaði það hefur komið fyrir þannig að viðkomandi hefði hugsað þetta í reiði. Einnig sögðu þátttakendur að þetta gæti verið rosalega lítið og rosalega mikið, þetta væru nokkur skipti, þrisvar til fimm sinnum, mjög sjaldan, örsjaldan eða einu sinni. Einn túlkaði það hefur komið fyrir þannig að viðkomandi myndi eftir ákveðnu tilfelli.

Að mig hafi langað til. Hluti þátttakenda taldi fullyrðinguna vera sanna bæði fyrir fólk sem hefur aðeins langað til að mölva hlut og fólk sem hefur mölvað hlut. Nokkrir sögðust hafa hugsað um tilvik þar sem þá langaði til að mölva hluti en gerðu það ekki og nokkrir sögðust hafa hugsað um tilvik þar sem þeir létu verða af því. Nokkrir sögðu að löngunin hefði komið vegna þess að viðkomandi hefði verið reiður. Þeir sem töldu fullyrðinguna ósanna sögðu að viðkomandi hefði verið brjáláður og langað til að mölva hluti.

Að mölva hluti. Að brjóta hluti, henda hlut í vegg eða gólf, að sparka í eitthvað. Einn viðmælandi sagði að brjóta hluti með spýtu. Þátttakendur nefndu hluti eins og leirtau, gler, glugga, síma, stól. Einhverjir tóku fram að þetta væru dauðir hlutir.

Athugasemdir. Einn viðmælandi taldi orðið mölva vera neikvætt og að fullyrðingin hljómaði eins og löngunin hefði komið til vegna reiði en það var ekki þannig í hans tilviki.

Atriði 24. Mér myndi aldrei detta í hug að leyfa öðrum að vera refsað fyrir eitthvað sem ég gerði.

Fimmtán þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, tveir töldu hana ósanna. Þátttakendur sem svöruðu satt túlkuðu orðalagið mér myndi aldrei detta í hug á mismunandi hátt en lögðu áherslu á að þeir myndu aldrei leyfa öðrum að vera refsað fyrir eitthvað sem þeir gerðu. Þeir sem svöruðu ósatt sögðust myndu detta það í hug en ekki leyfa öðrum að vera refsað fyrir eitthvað sem þeir gerðu.

Aldrei. Viðmælendur túlkuðu aldrei á svipaðan hátt. Ekki nokkurn tímann, undantekningalaust, núll. Einn taldi aldrei vera allt sem hefur gerst fram að þessu og allt sem mun gerast fram að dauða. Annar taldi það ekki hafa gerst svo viðkomandi myndi.

Mér myndi aldrei detta í hug. Nokkrir túlkuðu orðalagið þannig að það myndi ekki hvarfla að viðkomandi eða viðkomandi myndi ekki ígrunda það. Nokkrir þátttakendur sögðu að þeir myndu aldrei velta því alvarlega fyrir sér, þeim gæti dottið það í hug en hugsunin væri ekki neinn möguleiki sem viðkomandi sæi fyrir sér að láta viðgangast. Einhver sagði þetta vera að fá hugmynd þegar annar aðili er nú þegar farinn að vekja grunsemdir. Annar túlkaði orðalagið þannig að viðkomandi myndi ekki vísitandi leyfa öðrum að

vera refsað fyrir eitthvað sem viðkomandi gerði. Þeir sem svöruðu ósatt túlkuðu þetta þannig að þeim gæti dottið þetta í hug í augnablik en myndu ekki leyfa því að gerast.

Að leyfa öðrum að vera refsað. Vera aðgerðalaus og horfa upp á annað fólk fá refsingu fyrir eitthvað sem þú átt sök á. Vitorðsmaður hlýtur einn refsingu og viðkomandi leiðréttir það ekki. Að sitja hjá og leyfa öðrum að vera refsað sem var gripinn í misskilningi. Einn viðmælandi sagðist ekki vita hvernig aðstæður það væru þar sem viðkomandi hefði eitthvað að segja um það að öðrum yrði refsað. Einhverjir töldu orðið leyfa gefa til kynna að sá saklaus hefði val hvort hann fengi refsingu frekar en seki aðilinn.

Að refsa. Nokkrir nefndu refsingu samkvæmt lögum og reglu eða skammir. Einnig var nefnt að þurfa að biðjast afsökunar fyrir eitthvað, vera rekinn úr starfi, að orðið fæli í sér almenna viðurkenningu á því hver bæri ábyrgð á því sem gerðist eða þetta væri eitthvað sem skaðaði hag og hamingju viðkomandi. Einn viðmælandi tók dæmi þar sem tvær manneskjur lenda í árekstri og annar aðilinn var ekki með bílpróf og þá myndi hinn vilja taka á sig sökina svo aðilinn myndi ekki missa bílprófið. Annar viðmælandi tók dæmi þar sem leikmaður í handbolta fleygir sér í jörðina og einhver annar fær spjald fyrir að hrinda honum.

Fyrir eitthvað sem ég gerði. Hluti viðmælenda taldi þetta vera eitthvað sem viðkomandi gerði einn. Nokkrir töldu þetta geta verið bæði eitthvað sem viðkomandi gerði einn og með öðrum, þar á meðal þeir sem töldu fullyrðinguna ósanna.

Athugasemdir. Einn viðmælandi sagði að það myndi koma honum á óvart ef einhver myndi svara öðruvísi en ósatt, út frá því hvernig hann skildi fullyrðinguna. Hann sagði að auðvitað gæti fólki dottið þetta í hug.

Atriði 25. Mér er aldrei illa við það að vera beðin(n) um að endurgjalda greiða. Þrettán þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, fjórir töldu hana ósanna. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna umorðuðu hana lítilliga. Þeir sem töldu hana ósanna sögðu að það hefði komið fyrir oft en aldrei að þeim væri illa við að vera beðnir um að endurgjalda greiða.

Aldrei. Viðmælendur skilgreindu aldrei á svipaðan hátt. Aldrei nokkurn tímann, núll, undantekningalaust. Tveir þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna sögðu annars vegar að aldrei væri níu af tíu skiptum og hins vegar að aldrei væri að taka því oftast vel.

Að vera illa við. Nokkrir túlkuðu þetta orðalag þannig að það færi í taugarnar á viðkomandi eða að hann langaði alls ekki til að gera hlutinn. Einnig var nefnt að finnast óþægilegt, óviðeigandi, truflandi eða að hugnast ekki. Að það hittist illa, hafa ekki tíma eða vera illa fyrir kallaður.

Að vera beðin(n). Að vera spurður.

Endurgjalda greiða. Almenn túlkun þátttakenda var að gera eitthvað fyrir einhvern sem hefur gert eitthvað fyrir viðkomandi. Hluti taldi að greiðinn þyrfti að vera sambærilegur að stærð og sá sem gerður var í upphafi. Einhverjir töldu stærð greiðanna ekki skipta máli. Einn viðmælandi sagði að það væri erfitt að leggja mat á stærð greiða, greiði gæti verið stór fyrir einn aðila en lítill fyrir annan. Annar viðmælandi sagði að í orðalaginu fælist að hinn greiðinn væri stór og viðkomandi fyndist hann virkilega eiga það skilið að fá hann tilbaka. Einnig var einn þátttakandi sem taldi stærð greiðanna skipta máli en það kæmi ekkert fram í fullyrðingunni um það, það væri hægt að bæta því við.

Greiði. Almenn túlkun á greiða var að gera eitthvað fyrir einhvern, að leggja lykkju á leið sína fyrir einhvern. Viðmælendur töldu margt koma til greina en nefndu nokkur dæmi. Að passa barn, aðstoða við flutninga, skutlast á bíl og lána pening. Einn þátttakandi sem taldi fullyrðinguna ósanna taldi greiða í þessu samhengi vera eins og gjaldmiðill í samskiptum, samskipti væru eins og viðskipti, samanber að skulda einhverjum greiða og rukka fyrir hann.

Atriði 26. Það angrar mig aldrei þegar aðrir setja fram hugmyndir sem eru ólíkar mínum eigin hugmyndum.

Þrír þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, fjórtán töldu hana ósanna. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna umorðuðu lítillga þegar þeir svöruðu. Þeir sem töldu hana ósanna sögðu að það angraði þá oftast en aldrei þegar aðrir setja fram hugmyndir sem eru mjög ólíkar þeirra eigin hugmyndum.

Það angrar mig. Hluti þátttakenda túlkaði það angrar mig þannig að það pirraði eða færi í taugarnar á. Aðrir töldu það vera minna en að vera pirraður,

það væri mjög lágt stig af gremju eða ósætti eða að það væri að finnast leiðinlegt eða vera ósammála.

Aldrei. Þátttakendur skilgreindu aldrei sem aldrei nokkurn tímann, án undantekninga, núll. Einn viðmælandi taldi þetta vera tilviljunarkenndan fjölda atburða eða hugmynda. Annar sagðist horfa svolítið framhjá aldrei en túlkaði það sem oftast ekki eða yfir höfuð.

Aðrir. Hluti viðmælenda taldi aðra geta verið hver sem er. Nokkrir nefndu vinnufélaga og skólafélaga. Einhverjir nefndu fjölskyldu.

Setja fram hugmyndir. Að koma á framfæri því sem viðkomandi dettur í hug, hvort sem það er tillaga, skoðun, hugmynd að lausn eða önnur sýn á tiltekið viðfangsefni. Einn viðmælandi taldi þetta geta verið allt mögulegt, að standa úti á götu og öskra þess vegna.

Mjög ólíkar mínum eigin hugmyndum. Hluti sagði að hugmyndirnar væru það ólíkar að þær samræmdust ekki, eins og svart og hvítt, hægri og vinstri í pólitík, kapítalismi og kommúnismi. Nefnt var að hugmyndir væru mjög ólíkar hugmyndum viðkomandi ef þær væru venjulegar og óspennandi og einnig að þær gætu verið ólíkar að hluta til. Einn viðmælandi taldi það geta verið mismunandi leiðir að markmiði eða þá að markmiðin væru ekki þau sömu.

Hugmyndir. Þátttakendur nefndu dæmi um hugmyndir sem þeir hugsuðu um þegar þeir svöruðu fullyrðingunni, til viðbótar við það sem var komið fram. Frumvarp á Alþingi, stefna, leiðir, barnauppeldi, lausn á verkefni. Einn viðmælandi taldi hugmyndir bæði geta verið eitthvað sem verður að einhverju og engu. Annar viðmælandi taldi hugmyndir bæði geta verið eitthvað sem viðkomandi hefur sagt frá og haldið fyrir sig.

Atriði 27. Ég legg aldrei í langferð án þess að athuga ástand bifreiðarinnar.

Fimm þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, tólf töldu hana ósanna. Þátttakendur skilgreindu langferð á mismunandi hátt, sem og hvað fælist í því að athuga ástand bifreiðarinnar, hvort sem þeir svöruðu satt eða ósatt. Ein undantekning var á túlkun þar sem einn viðmælandi túlkaði fullyrðinguna þannig að hún ætti við um að athuga ástand bifreiðar yfir höfuð, burtséð frá langferðum, og taldi hana sanna út frá þeim skilningi.

Aldrei. Þátttakendur skilgreindu aldrei í þessu samhengi á svipaðan hátt. Aldrei nokkurn tímann, undantekningalaust, í hvert skipti sem viðkomandi fer í langferð.

Að leggja í langferð. Að fara af stað í ferðalag.

Langferð. Þátttakendur skilgreindu langferð á nokkuð mismunandi hátt. Allir töldu langferð vera að fara út fyrir bæjarmörk en misjafnt var hversu langa viðmælendur töldu ferð þurfa að vera til að teljast til langferðar. Lágmarkið var talið vera allt frá einni klukkustund upp í fjórar til að flokkast sem langferð. Einhverjir skilgreindu ekki lengd langferðar heldur sögðu að það væri ferð milli bæjarfélaga eða landshluta.

Að athuga ástand bifreiðarinnar. Hluti sagði að í því fælist að kanna olíu og loft í dekkjum. Nokkrir sögðu að það væri að athuga hvort þyrfti að setja bensín á bílinn, athuga ljós, frostlög, rúðuvökva, rúðuþurrkur, bremsur og slit á dekkjum. Einnig hvort það sé varadekk í bílnum, hvort það séu einhver viðvörunarljós eða hvort það sé kominn tími á að fara með bílinn í skoðun.

Athugasemdir. Einn viðmælandi sem taldi fullyrðinguna ósanna sagðist alltaf reyna að muna eftir því að athuga ástand bifreiðarinnar áður en hann færi í langferð, þó hann hefði einhvern tímann gleymt því.

Atriði 28. Það hefur komið fyrir að ég hafi fundið fyrir afbrýðisemi vegna velgengni annarra.

Fjórtán þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, þrír töldu hana ósanna. Þátttakendur sem svöruðu satt umorðuðu lítilliga. Þeir sem svöruðu ósatt sögðu að þetta hefði ekki komið fyrir eða þá að þeir samgleddust frekar.

Það hefur komið fyrir. Allir töldu vera nóg að þetta hefði gerst einu sinni til þess að viðkomandi svaraði satt. Viðmælendur töldu þetta orðalag ýmist merkja að það hefði komið fyrir einu sinni eða oftar, ekki sérstaklega oft, næstum aldrei eða í einhverjum tilfellum.

Að ég hafi fundið fyrir afbrýðisemi. Hluti viðmælenda túlkaði þetta orðalag þannig að viðkomandi langaði sjálfan að ganga eins vel og öðrum í því sem hann tæki sér fyrir hendur. Nokkrir töldu þetta vera að öfunda. Einnig var nefnt að hugsa slæma hluti um aðra sem gengur vel og að finna vonda tilfinningu í þeirra garð en láta það ekki endilega í ljós. Einn viðmælandi skýrði

orðalagið þannig að viðkomandi fyndist einhver ekki eiga skilið velgengi, miðað við hvernig hann sáði.

Velgengi annarra. Nokkrir túlkuðu velgengi annarra á nokkuð almennan hátt. Þegar einhver er að gera hluti sem viðkomandi myndi sjálfum finnast skemmtilegt. Þegar fólk er að gera svipaða hluti og öðrum gengur betur en hinum. Eitthvað gengur upp sem viðkomandi óskar eftir, getur verið heppni, getur verið eitthvað sem viðkomandi vann markvisst að. Einn viðmælandi taldi samfélagið skilgreina velgengi annarra með því að upphefja fólk sem gengur vel, fjalla um það í fjölmiðlum og þess háttar. Annar taldi erfitt að mæla velgengi, nema kannski í fjármálaheiminum eða ef viðkomandi er rithöfundur og bókin hans selst vel. Einnig var velgengi skilgreind þannig að ef viðkomandi finnur fyrir afbrýðisemi út í einhvern, þá telji hann viðkomandi njóta velgengi. Nokkrir nefndu dæmi um velgengi, að fá stöðuhækkun í vinnu, að ganga vel í skóla eða líkamsrækt, vinna í lottói, fá draumastarfið, eiga farsælt tilhugalíf, að lifa áhyggjulausu, þægilegu lífi og þurfa ekki að strögla.

Athugasemdir. Einn viðmælandi sagðist aðallega hafa fundið fyrir afbrýðisemi vegna velgengi annarra þegar hann taldi fólk ekki hafa unnið fyrir velgenginni. Annar viðmælandi sem svaraði ósatt sagðist ekki muna eftir að hafa fundið fyrir afbrýðisemi vegna velgengi annarra en að það gæti vel verið að það hafi gerst þegar hann æfði íþróttir sem barn.

Atriði 29. Ég hef næstum aldrei fundið hjá mér þörf til að skamma einhvern.

Einn þátttakandi taldi fullyrðinguna sanna, sextán töldu hana ósanna. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna ósanna sögðust hafa fundið þessa þörf oftast en næstum aldrei.

Næstum aldrei. Hluti viðmælenda skilgreindi næstum aldrei sem mjög sjaldan. Einnig var sagt einu sinni á ævinni, tvö skipti á ævinni, nokkur skipti, það hefur komið fyrir, á þriggja ára fresti, í mesta lagi fimm skipti yfir ævina. Viðmælandi sem taldi fullyrðinguna sanna túlkaði næstum aldrei þannig að það kæmi nánast ekki fyrir.

Að finna hjá sér þörf. Hluti viðmælenda taldi þörfina koma innan frá, viðkomandi fyndist hann verða að skamma. Einn viðmælandi sagði að þá magnaðist upp hugarangur og reiði, viðkomandi gæti ekki sleppt því að skamma.

Einnig var sagt að viðkomandi hugsaði þá að einhver hefði gott af því að láta skamma sig. Annar sagði að þörfin fælist í því finnast ástæða til að skamma. Einn viðmælandi taldi orðalagið að finna hjá sér þörf ekki passa í þessu samhengi, af því þörf ætti til dæmis frekar við alkóhólista sem fyndi hjá sér þörf til að drekka. Hann taldi orðalagið benda til þess að þörfin kæmi af ástæðulausu, en svoleiðis væri það ekki hjá honum. Hluti viðmælenda sagðist hafa hugsað um tilfelli þar sem viðkomandi fann fyrir þörf til að skamma einhvern og fylgdi því eftir með skömmum. Nokkrir sögðust bæði hafa hugsað um tilfelli þegar þeir fundu aðeins fyrir þörf og þegar þeir fundu fyrir þörf og skömmuðu. Einn viðmælandi sagðist mundu svara satt ef hann hefði aðeins fundið þörf fyrir að skamma án þess að fylgja því eftir.

Að skamma. Þátttakendur túlkuðu skamma á mismunandi hátt. Nokkrir túlkuðu það á frekar neikvæðan hátt. Að láta vita hvað viðkomandi gerði rangt og láta í ljós óánægju sína gagnvart honum. Að ávita einhvern eða biðja á svolítið hvassan hátt að hugsa eða breyta öðruvísi. Að æsa sig, tala hærra, jafnvel að bölvva og ragna. Einn viðmælandi taldi í því felast að gagnrýna á neikvæðan hátt, að sýna einhverjum fram á að hann hefði átt að vita betur. Hann sagði einnig að yfirleitt þegar einhver skammaði þá væri valdamismunur fyrir hendi, eins og foreldrar að skamma börn eða skólustjóri að skamma nemanda. Þátttakandi sem taldi fullyrðinguna sanna taldi felast í því að skamma að verða að fara beint til viðkomandi og segja skoðun sína á því sem hann gerði, vera ekki tilbúinn til að fara vandlega yfir málin og gefa viðkomandi ráðleggingar. Nokkrir túlkuðu skamma á jákvæðari hátt. Að láta einhvern vita að hann gerði rangt í þeirri von að viðkomandi geri það ekki aftur. Að reyna að leiðrétta hegðun með því að tala við viðkomandi. Einn viðmælandi taldi merkingu orðsins fara eftir því hvern væri verið að skamma, ef það væru krakkar þá væri það að útskýra hvað var gert rangt og hvað þarf að gera betur næst.

Einhver. Hluti viðmælenda taldi þetta geta verið hvern sem er. Nokkrir töldu þetta vera einhvern sem viðkomandi þekkir. Nokkrir nefndu börn en einnig voru nefndir unglingar sem viðkomandi hefur þjálfað í íþróttum, hundur og undirmenn í vinnu. Einn viðmælandi sagðist hafa fundið þörf til að skamma einhvern í umferðinni en taldi sig ekki hafa rétt til þess og þess vegna ætti fullyrðingin um fólk sem viðkomandi þekkti.

Athugasemd. Einn viðmælandi taldi fullyrðinguna óljósa vegna þess hversu huglæg túlkun á næstum aldrei er.

Atriði 30. Það pirrar mig stundum þegar aðrir biðja mig um að gera sér greiða. Tólf þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, fjórir töldu hana ósanna, einn sagðist ekki geta svarað. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna umorðuðu hana lítillaga þegar þeir svöruðu. Þeir sem töldu hana ósanna töldu það pirra sig sjaldnar en stundum þegar aðrir biðja þá um að gera sér greiða.

Það pirrar mig. Hluti viðmælanda sagði að í því fælist að það færi í taugarnar á viðkomandi. Einnig var það túlkað sem að vilja ekki gera hlutinn, að finnast það leiðinlegt, að það angraði viðkomandi, að það væri aðeins meira en að angra, að nenna ekki, að finnast það vera vesen. Einn viðmælandi taldi perring látinn í ljós með orðum eða líkamstjáningu. Annar sagði að ef það pirraði viðkomandi þá segði hann ekki strax já, og gleddist ekki yfir því að vera beðinn um greiða. Það pirrar mig var líka skýrt á þann veg að viðkomandi eyddi tíma í að velta því fyrir sér af hverju hann ætti að vera gera hlut, fyrir hvern og til hvers. Einnig að í því fælist að sjá eftir því að hafa lofað sér í eitthvað.

Stundum. Viðmælendur túlkuðu stundum á mismunandi hátt. Nefnt var að það komi fyrir annað slagið, nokkrum sinnum, þrisvar væri nóg, svona 30% skipta, að það komi fyrir oftár en aldrei og sjaldnar en alltaf eða að það komi fyrir á lífsleiðinni. Einn viðmælandi taldi stundum vera mjög sjaldgæft, eða eitt af milljón skiptum. Annar viðmælandi sagði að stundum gæti verið bæði sjaldan og oft en það færi eftir því hvernig viðkomandi væri upplagður og hver bæði hann um greiða.

Aðrir. Hluti viðmælanda taldi aðra geta verið hvern sem er. Nokkrir sögðu að aðrir væru einhverjir sem viðkomandi þekkir og nefndu fjölskyldu, vini og vinnufélaga. Einn viðmælandi sagði að þetta ætti ekki við um nánasta fólkið, af því það væri líklegra að utanaðkomandi fólk pirri viðkomandi. Annar viðmælandi taldi aðra vera fólk sem hefur einhvern tímann ekki viljað gera eitthvað fyrir viðkomandi eða fólk sem á ekki skilið greiða.

Greiði. Almenn skilgreining á greiða var að aðstoða náungann. Dæmi sem þátttakendur nefndu voru að eiga að vinna til klukkan 16 en vera beðinn um að vinna fyrir einhvern til klukkan 17, barnapössun, peningalán, að dæma

Íþróttaleik, að sækja eitthvað, að skutlast fyrir einhvern. Einn viðmælandi taldi greiða vera að hjálpa einhverjum á hvaða hátt sem er, án þess að fá endilega eitthvað tilbaka. Bæði var nefnt að gera eitthvað fyrir einhvern sem viðkomandi getur og getur ekki gert sjálfur.

Athugasemdir. Einn viðmælandi taldi erfitt að segja satt við fullyrðingunni vegna þess hversu óljóst orðið stundum er. Hann taldi að fullyrðingin ætti betur við sig ef það stæði það kemur fyrir í staðinn fyrir stundum. Viðmælandinn svaraði fullyrðingunni engu að síður satt vegna þess að annars teldi hann sig vera að ljúga.

Atriði 31. Mér hefur aldrei þótt að mér hafi verið refsað að ástæðulausu.

Fimm þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, tólf töldu hana ósanna. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna umorðuðu hana lítilega, þeir sem töldu hana ósanna töldu sig oftast en aldrei hafa verið refsað að ástæðulausu.

Aldrei. Viðmælendur túlkuðu aldrei á svipaðan hátt. Aldrei nokkurn tímann, núll.

Refsa. Hluti taldi refsingu vera að fá skammir. Nokkrir nefndu refsingu sem þeir fengu í æsku, eins og að vera rassskelltur, fá ekki að fara út að leika, vera sendur í skammarkrök, að fá ekki nammi eða vera lokaður inni í herbergi. Nokkrir nefndu önnur dæmi eins og að hljóta refsingu samkvæmt lögum og reglu og fá spjald í íþróttaleik. Einn viðmælandi taldi persónubundið hvað væri refsing, til dæmis gæti einum fundist það refsing að missa bílinn sinn en ekki öðrum sem á tvo bíla.

Að ástæðulausu. Hluti viðmælenda taldi að ástæðulausu í þessu samhengi vera að hljóta refsingu þegar viðkomandi gerði ekkert rangt. Einnig ef viðkomandi finnst sjálfum hann ekki eiga refsingu skilið, viðkomandi hljóti of mikla refsingu fyrir brot eða sé refsað eftir geðþótta einhvers. Einn viðmælandi sagði að það væri persónulegt hvað fólki fyndist vera ástæðulaus refsing.

Atriði 32. Stundum finnst mér að fólk sem verður fyrir ógæfu eigi það skilið.

Níu þátttakendur töldu fullyrðinguna sanna, átta töldu hana ósanna. Þátttakendur sem töldu fullyrðinguna sanna umorðuðu hana lítilega. Þeir sem töldu hana ósanna sögðust ekki telja að fólk sem yrði fyrir ógæfu ætti það skilið.

Stundum. Viðmælendur túlkuðu stundum á misjafnan hátt. Nokkrir sögðu það hefur komið fyrir og einhverjir töldu stundum fara eftir því hver ætti í hlut. Einnig var sagt sjaldan, oftar en tvisvar, einu sinni til þrisvar, nokkur skipti af mörgum, oftar en aldrei og sjaldnar en alltaf, heyrir til undantekninga, annað slagið. Einn viðmælandi taldi orðalag fullyrðingarinnar ekki gefa afmarkaðan fjölda skipta til kynna.

Verða fyrir ógæfu. Nokkrir nefndu dæmi eins og að verða fyrir andlegu eða fjárhagslegu tjóni, missa húsið sitt, lenda í árekstri, fá sjúkdóm eða falla á prófi. Einnig var nefnt að verða fyrir líkamlegu tjóni, að missa barnið sitt, að missa barn í eiturfjaneyslu, að vera rændur, að vera sagt upp af kærustu/kærasta, að fyrirtæki farið á hausinn.

Eiga það skilið. Þátttakendur skilgreindu að eiga það skilið á svipaðan hátt. Að hafa unnið sér eitthvað inn, að uppskera eins og viðkomandi sáir og þetta sé eins og karma. Einnig var nefnt að viðkomandi beri ábyrgð á því hvernig er komið fyrir honum, að það sé mátulegt á viðkomandi, eða að einhver eigi skilið ógæfu ef hann hefur gert eitthvað illt, komið illa fram eða gert eitthvað ólöglegt.

Athugasemd. Tveir viðmælendur sögðu að það væri tímabundin líðan að finnast einhver eiga ógæfu skilið.

Atriði 33. Ég hef aldrei vísitandi sagt eitthvað sem særði tilfinningar einhvers. Einn þátttakandi taldi fullyrðinguna sanna, sextán töldu hana ósanna. Þátttakandi sem töldu fullyrðinguna sanna sagðist ekki hafa sagt eitthvað vísitandi sem særði tilfinningar einhvers. Þeir sem töldu fullyrðinguna ósanna töldu sig oftar en aldrei hafa sagt eitthvað vísitandi sem særði tilfinningar einhvers.

Aldrei. Aldrei nokkurn tímann, núll.

Vísitandi. Hluti viðmælenda taldi vísitandi vera að vita og ákveða fyrirfram hvað viðkomandi ætlaði að gera eða segja eða að gera það viljandi. Einhverjir töldu það vera að gera eitthvað með ásetningi. Einnig var nefnt að vísitandi gæti bæði verið ígrundað og ekki. Einn viðmælandi taldi vísitandi vera að segja eitthvað við einhvern án þess að hugsa út í afleiðingar sem það gæti haft.

Særa tilfinningar einhvers. Hluti viðmælenda taldi felast í orðalaginu að viðkomandi líði illa. Einnig var nefnt að gera einhvern leiðan og sáran, koma honum í uppnám, að særa með orðum, gera einhvern óöruggan með sjálfan sig, að niðurlægja, móðga og kremja einhvern, að valda einhverjum óþægindum. Einn viðmælandi taldi það að særa tilfinningar einhvers vera að segja eitthvað sem er viðkvæmt fyrir aðilann eða segja eitthvað leiðinlegt um viðkomandi og hans fólk.

Athugasemd. Einn viðmælandi, sem svaraði satt, taldi óljóst hvort viðkomandi segi eitthvað vísvitandi sem hann veit að getur sært einhvern eða hvort viðkomandi segi eitthvað vísvitandi í þeim tilgangi að særa einhvern.

Umraeða

Skilningur á atriðum kvarða Marlowe og Crowne var nokkuð mismunandi á milli svarenda. Vandi tengdur þýðingu kom fram í 11 atriðum af 33. Mikilvægt er að skoða vel þær niðurstöður sem liggja fyrir með tilliti til þess að auka réttmæti kvarðans.

Þýðingarvandi birtist þannig að nokkur atriði í enskri útgáfu kvarðans fólu í sér orð sem höfðu sterkari eða veikari merkingu en þýdd orð á íslenskum lista. Merking atriðis nú, „Ef ég gæti laumað mér í bíó án þess að borga og verið viss um að enginn sæi mig þá myndi ég sennilega gera það”, varð hugsanlega sterkari eftir þýðingu. Atriðið á ensku byrjar þannig “If I could get into a movie...”, eða „Ef ég kæmist í bíó...”. Hugsanlega gefur orðalagið að lauma sér merkingu atriðisins aukið vægi á þann hátt að hegðunin sé metin alvarlegri.

Atriði tíu, “On a few occasions, I have given up doing something because I thought too little of my ability”, var þýtt á íslensku sem „Í nokkrum tilfellum hef ég hætt að reyna eitthvað vegna þess að ég hafði ekki trú á eigin getu”. Merking atriðisins breyttist lítillega við þýðingu þar sem ensk útgáfa felur frekar í sér að gefast upp á því að gera eitthvað en íslensk útgáfa felur í sér að hætta að reyna eitthvað. Túlkun svarenda á því að hætta að reyna eitthvað var misjöfn. Einhverjir töldu í því felast að gefast alveg upp en aðrir að taka pásu og halda svo aftur áfram að reyna. Líkt og kom fram í niðurstöðum fyrir atriði 19, „Stundum reyni ég að hefna mín frekar en að fyrirgefa”, var misjafnt hvort svarendur töldu vera mun á því að reyna að hefna sín og að hefna sín. Því má draga þá ályktun að hugsanlega yrði merking atriðisins skýrari ef orðalaginu „hætt að reyna eitthvað” yrði breytt í „gefast upp á að gera eitthvað”.

Misræmis gætir í þýðingu á atriðum 11 og 22. Í báðum atriðum koma fyrir orðin “at times”. Í atriði 11 var það þýtt sem „það kemur fyrir” en í atriði 22 var það þýtt sem „á stundum”. Niðurstöður bentu hins vegar til þess að „það kemur fyrir” og „á stundum” hafi verið túlkað á svipaðan hátt í þessum tveimur atriðum. Slíkur samanburður er þó varhugaverður þar sem ekki er útilokað að munur væri á túlkun ef svarendur væru beðnir um að bera saman merkingarlegan mun orðalagsins það kemur fyrir og á stundum.

Í atriði 13 í enskri útgáfu kemur fyrir orðalagið “a good listener” sem er þýtt sem „hlusta af athygli”. Bein þýðing á ensku orðalagi væri „góður hlustandi”. Þýðing á íslensku fól þannig að einhverju leyti í sér túlkun á því hvað er að vera góður hlustandi. Túlkun svarenda á því að hlusta af athygli fól í sér fleira en einmitt það að hlusta af athygli, líkt og að spyrja gagnrýnna spurninga. Það er því hugsanlegt að merking hafi aðeins tapast lítillega í þýðingu.

Atriði 19 í enskri útgáfu kvarðans, “I sometimes try to get even rather than forgive and forget”, var þýtt á íslensku sem „Stundum reyni ég að hefna mín frekar en að fyrirgefa”. “Get even” hefur mögulega mildari merkingu fyrir fólki en að hefna sín. Niðurstöður bentu til þess að svarendur túlkuðu það að hefna sín á nokkuð sterkan hátt, sem gaf vísbendingu um að alvarleiki merkingar atriðisins hafi aukist í þýðingu. “Forgive and forget” var þýtt sem „að fyrirgefa”. Niðurstöður bentu til þess að einhverjir töldu felast í orðinu að gleyma einhverju. Þar sem hluti túlkaði fyrirgefningu ekki á þann hátt að þá gleymdi það líka, kann merking atriðisins á ensku að hafa tapast að einhverju leyti í þýðingu. Ef til vill yrði merking atriðis skýrari og nákvæmari ef “forgive and forget” yrði þýtt sem „að fyrirgefa og gleyma”, og svörun öðruvísi.

Atriði 21 í enskri útgáfu kvarðans, “I am always courteous, even to people who are disagreeable”, var þýtt sem „Ég er alltaf kurteis, meira að segja við fólk sem mér líkar ekki við”. Ábendingar um orðalagið meira að segja komu fram en í enskri útgáfu var orðið “even” notað, sem hefur margskonar merkingu á íslensku. Svarendur töldu orðin meðal annars ýta undir merkingu orðsins alltaf, þau voru talin gildishlaðin og gefa í skyn að viðkomandi væri meira en bara kurteis. Hægt væri að nota hlutlausari orð sem hafa svipaða merkingu, eins og orðið líka eða þar meðtalið.

Atriði 22 í enskri útgáfu kvarðans, “At times I have really insisted on having things my own way”, var þýtt á íslensku sem „Á stundum þá krefst ég þess að fá mínu framgengt”. Þar kemur fyrir orðalagið “I have really insisted” sem var þýtt á íslensku sem „krefst ég þess”. Orðið really gefur orðinu insist aukið vægi en það var ekki þýtt á íslensku. Ef tekið er mið af túlkun svarenda á orðinu virkilega í atriði fjögur, „Mér hefur aldrei líkað virkilega illa við einhvern”, má draga þá ályktun að svörun þátttakenda hefði hugsanlega orðið

önnur ef orðið really hefði verið þýtt. Þar töldu þátttakendur vera merkingarlegan mun á því að líka illa við einhvern og að líka virkilega illa við einhvern. Þeir töldu orðið virkilega auka vægi orðsins illa.

Atriði 22 og atriði 26 eru í þátíðarmynd í enskri útgáfu kvarðans en nútíðarmynd í íslenskri útgáfu. Túlkun viðmælenda á atriðum kvarðans sem eru í þátíðarmynd var frábrugðin túlkun þeirra á atriðum í nútíðarmynd. Túlkun á atriðum í þátíðarmynd fól í sér að viðmælendur sögðust frekar muna eftir ákveðnum tilfellum heldur en þegar þeir túlkuðu atriði í nútíðarmynd. Mikilvægt er að gæta samræmis í þýðingu á atriðum til þess að ýta undir samræmi í skilningi svarenda á atriðum.

Atriði 24 fjallar um að viðkomandi myndi aldrei detta í hug að leyfa öðrum að vera refsað fyrir eitthvað sem viðkomandi gerði. Að detta eitthvað í hug var í enskri útgáfu “think of”. Mismunandi túlkun svarenda á orðalaginu að detta eitthvað í hug, eða allt frá því að hugsa um eitthvað í eina sekúndu og hugleiða alvarlega, gaf til kynna að laga mætti þýðingu. Hugsanlega yrði túlkun svarenda ekki eins við ef “think of” yrði skilgreint nákvæmara.

Atriði 27 fjallar um að viðkomandi myndi aldrei leggja í langferð án þess að athuga ástand bifreiðarinnar. Mismunandi túlkun viðmælenda á orðinu langferð og því að athuga ástand bifreiðarinnar gefur til kynna að orðalag mætti vera skýrara. Einn viðmælendi taldi til að mynda felast í því að athuga ástand bifreiðarinnar að kanna loft í dekkjum á meðan annar taldi það vera hvort bíllinn þyrfti á árlegri skoðun að halda. Ástand bifreiðarinnar er í enskri útgáfu kvarðans “the safety of my car”. Hugsanlegt er að ef það yrði beinþýtt sem öryggi bílsins fremur en ástand, þá myndi túlkun svarenda ekki vera eins víð.

Atriði 28 fjallar um að það hafi komið fyrir að viðkomandi hafi fundið fyrir afbrýðisemi vegna velgengni annarra. Athygli vakti að í enskri útgáfu stendur “quite jealous” sem gæti verið þýtt sem nokkuð eða frekar afbrýðisamur/afbrýðisöm. Orðalag atriðisins á íslensku býður ekki upp á það að orðið quite sé þýtt. Ef atriðið yrði umorðað og orðið frekar eða nokkuð haft með gæti túlkun á atriðinu breyst. Sú breyting kann þó að hafa lítil áhrif á svörum.

Atriði 30 felur í sér að það pirri viðkomandi stundum þegar aðrir biðja viðkomandi um að gera sér greiða. Ensk útgáfa atriðis var “I am sometimes irritated by people who ask favors of me”. Á íslensku er líkt og pirringurinn

beinist að því að vera beðinn um að gera einhverjum greiða en á ensku er líkt og pirringur beinist að fólkinu sem biður um greiða. Hugsanlega myndi beinþýðing á enskri útgáfu atriðis breyta túlkun svarenda á atriðinu.

Túlkun svarenda á orðum sem gáfu til kynna óskilgreinda tíðni, eins og það kemur fyrir, það hefur komið fyrir, í nokkrum tilfellum, stundum og á stundum var almennt nokkuð svipuð. Svarendur notuðu fjölda skipta yfir ákveðið tímabil til þess að skýra hvað í orðunum fælist eða notuðu önnur svipuð orð til skýringar, líkt og orðið sjaldan. Túlkun svarenda á orðunum aldrei og alltaf var meira afgerandi heldur en á orðum sem gáfu til kynna óljósari tíðni. Svarendur túlkuðu aldrei sem aldrei nokkurn tímann, nema í atriði tvö, 25 og 26. Í þessum þremur atriðum túlkuðu nokkrir svarendur aldrei sem ekki, oftast eða yfirleitt. Viðmælendur túlkuðu orðið alltaf á svipaðan hátt þar sem það kom fyrir. Það var túlkað sem ávallt eða undantekningalaust en við hvert atriði þar sem orðið kom fyrir túlkuðu einhverjir svarendur það ekki eins ákveðið, eða sem oftast eða yfirleitt.

Nokkur atriði kvarðans innihalda orð eða hugtök sem hafa margræða merkingu. Skýrt dæmi um það er í atriði 15, „Það hefur komið fyrir að ég hafi notfært mér einhvern”. viðmælendur túlkuðu það að notfæra sér einhvern ýmist þannig að það væri á slæman eða góðan hátt. Í þessu tilviki þyrfti að skilgreina betur hvað átt er við til þess að tryggja að svarendur ákveði svar sitt út frá svipaðri eða sömu merkingu atriðis. Annað dæmi er atriði 18, „Mér finnst ekki sérstaklega erfitt að láta mér lynda við fólk sem er hávært og óþolandi”. Mismunandi túlkun á merkingu orða í þessu atriði gaf vísbendingu um að þar þyrfti að skilgreina hugtök betur eða nota önnur orð sem hafa gegnsærri merkingu. Til að mynda mætti nota annað orðalag en ekki sérstaklega erfitt, þar sem niðurstöður bentu til þess að það væri töluvert háð túlkun svarenda. Til einföldunar mætti nota eitt lýsingarorð í stað þriggja orða. Einnig lögðu viðmælendur mismunandi skilning í hávært og óþolandi fólk, þar sem ekki var ljóst hvort atriðið ætti við um fólk sem er bæði hávært og óþolandi eða um fólk sem er eingöngu hávært og annað fólk sem er eingöngu óþolandi.

Tvö atriði fólu ekki í sér hegðun heldur tilraun til hegðunar. Atriði 17 fjallar um að viðkomandi reyni alltaf að hegða sér í samræmi við eigin ráðleggingar. Atriði 19 fjallar um að stundum reyni viðkomandi að hefna sín

frekar en að fyrirgefa. Það er, að reyna að hegða sér (atriði 17) og að reyna að hefna sín (atriði níttján). Þar bentu niðurstöður til þess að viðmælendur teldu mun á því að reyna að gera eitthvað og að gera eitthvað en mismunandi var hvað viðmælendur töldu felast í því að reyna. Hugsanlegt er að með þessu orði séu atriðin óljósari en ef þeim væri sleppt og meiri hætta á að túlkun hafi áhrif á svörun.

Fáir eða enginn (0 - 2) þátttakandi átti í vandræðum með að viðurkenna að hann hefði hegðað sér á hátt sem fjallað er um í níu atriðum af 33. Þar á meðal var atriði sex, „Ég finn stundum fyrir gremju ef ég fæ ekki mínu framgengt“, atriði 11, „Það kemur fyrir að mér finnist gaman að slúðra“ og atriði 29, „Ég hef næstum aldrei fundið hjá mér þörf til að skamma einhvern“. Vegna smæðar úrtaks í þessu verkefni er engin ályktun dregin um svörun (satt/ósatt) þessara atriða. Þessar niðurstöður eru engu að síður hugsanlega vísbending um að atriðin greini ekki nógu vel á milli þeirra sem hneigjast til þess að svara á félagslega æskilegan hátt. Einnig er hugsanlegt að þessi atriði séu ekki lengur talin fela í sér félagslega æskilega hegðun, vegna þess hversu algeng hegðunin er orðin síðan kvarðinn var búinn til fyrir rúmum 50 árum síðan.

Niðurstöður þessa verkefnis sýna ýmsa vankanta á kvarða Marlowe og Crowne. Mikilvægt er að nota niðurstöður sem ein rök fyrir því hvernig má lagfæra kvarðann og hvort einhver atriði megi fella brott til þess að bæta réttmæti íslenskrar útgáfu kvarðans. Hér er engin ályktun dregin um þýði út frá niðurstöðum.

Ýmsir annmarkar eru á viðtalsformi líkt og því sem var notast við hér. Hætta er á að rannsakandi hafi áhrif á svör viðmælenda með því að spyrja leiðandi spurninga eða sýna meiri velvild við svörum sem passa við væntingar hans. Jafnvel þótt reynt sé að koma í vega fyrir slík áhrif með því að hafa fyrirfram tilbúið handrit í viðtölum er erfitt að tryggja að áhrifin eigi sér ekki stað. Úrtak í þessu verkefni var fengið úr hópi fjölskyldu, vina og kunningja rannsakanda. Hugsanlegt er að tengsl við rannsakanda bæði auki líkur á að viðmælendur svari heiðarlega og minnki líkur.

Heimildir

- Ballard, R. (1992). Short forms of the Marlowe-Crowne Social Desirability Scale. *Psychological Reports, 71*, 1155-1160.
- Barger, S. D. (2002). The Marlowe-Crowne affair: Short forms, psychometric structure, and social desirability. *Journal of Personality Assessment, 79*(2), 286-305.
- Beretvas, S. N., Meyers, J. L., og Leite, W. L. (2002). A reliability generalization study of the Marlowe-Crowne Social Desirability Scale. *Educational and Psychological Measurement, 62*(4), 570-589.
- Collazo, A. A. (2005). Translation of the Marlowe-Crowne social desirability scale into an equivalent Spanish version. *Educational and Psychological Measurement, 65*(5), 780-806.
- Crowne, D. P., og Marlowe, D. (1960). A new scale of social desirability independent of psychopathology. *Journal of Consulting Psychology, 24*(4), 349-354.
- Einar Guðmundsson. (2005-2006). Þýðing og staðfærsla sálfræðilegra prófa. *Sálfræðiritið: Tímarit Sálfræðingafélags Íslands, 10-11*, 23-40.
- Ellingson, J. E., Smith, D. B. og Sackett, P. R. (2001). Investigating the influence of social desirability on personality factor structure. *Journal of Applied Psychology, 86*(1), 122-133.
- Fischer, D. G. og Fick, C. (1993). Measuring social desirability: Short forms of the Marlowe-Crowne Social Desirability Scale. *Educational and Psychological Measurement, 53*(2), 417-424.
- Fisher, G. (1967). Normative and reliability data for the standard and the cross validated Marlowe-Crowne Social Desirability Scale. *Psychological Reports, 20*(1), 174-174.
- Fowler, F. J. (1992). How unclear terms affect survey data. *Public Opinion Quarterly, 56*(2), 218-231.
- Fowler, F. J. (1995). *Improving survey questions: Design and evaluation* (38. bindi). London: Sage Publications.
- Johnson, T. P., Fendrich, M. og Hubbell, A. (2002). A validation of the Crowne-Marlowe Social Desirability Scale. *Á 57th Annual Meeting of the American Association for Public Opinion Research, St. Pete Beach, FL.*

- Nederhof, A. J. (1985). Methods of coping with social desirability bias: A review. *European Journal of Social Psychology*, 15(3), 263-280.
- Paulhus, D. L. (1991). Measurement and control of response bias. Í J. P. Robinson, P. R. Shaver og L. S. Wrightsman (ritstjórar), *Measures of Personality and Social Psychological Attitudes* (bls. 17-59). San Diego: Academic Press.
- Pálmar Ragnarsson. (2011). *Próffræðilegir eiginleikar íslenskrar útgáfu IPIP-HEXACO persónuleikaprófsins*. Óbirt BS-ritgerð. Háskóli Íslands: Heilbrigðisvísindasvið.
- Reynolds, W. M. (1982). Development of reliable and valid short forms of the Marlowe-Crowne Social Desirability Scale. *Journal of Clinical Psychology*, 38(1), 119-125.
- Strahan, R. og Gerbasi, K. C. (1972). Short, homogenous versions of the Marlowe-Crowne Social Desirability Scale. *Journal of Clinical Psychology*, 28(2), 191-193.
- Verardi, S., Dahourou, D., Ah-Kion, J., Bhowon, U., Tseung, C. N., Amoussou-Yeye, D., ... og Rossier, J. (2010). Psychometric properties of the Marlowe Crowne social Desirability Scale in eight African countries and Switzerland. *Journal of Cross-Cultural Psychology*, 41(1), 19-34.

Viðauki A

1. Áður en ég geng til kosninga kanna ég rækilega hæfni allra frambjóðenda.
2. Ég hika aldrei við að leggja lykkju á leið mína til að aðstoða einhvern sem er í vanda.
3. Mér finnst stundum erfitt að halda áfram án þess að fá hvatningu.
4. Mér hefur aldrei líkað virkilega illa við einhvern.
5. Á stundum hef ég haft efasemdir um getu mína til að ná árangri í lífinu.
6. Ég finn stundum fyrir gremju ef ég fæ ekki mínu framgengt.
7. Ég vanda ávallt fataval mitt.
8. Borðsiðir mínir heima hjá mér eru jafn góðir og þegar ég fer út að borða á veitingahúsi.
9. Ef ég gæti laumað mér í bío án þess að borga og verið viss um að enginn sæi mig þá myndi ég sennilega gera það.
10. Í nokkrum tilfellum hef ég hætt að reyna eitthvað vegna þess að ég hafði ekki trú á eigin getu.
11. Það kemur fyrir að mér finnist gaman að slúðra.
12. Það hefur komið fyrir að mig langi að setja mig upp á móti yfirvaldi jafnvel þó ég viti að það hafi rétt fyrir sér.
13. Það er sama við hvern ég er að tala, ég hlusta alltaf af athygli.
14. Ég man eftir að hafa gert mér upp veikindi til að sleppa við eitthvað.
15. Það hefur komið fyrir að ég hafi notfært mér einhvern.
16. Ég er alltaf reiðubúinn að viðurkenna það þegar ég geri mistök.
17. Ég reyni alltaf að hegða mér í samræmi við eigin ráðleggingar.
18. Mér finnst ekki sérstaklega erfitt að láta mér lynda við fólk sem er hávært og óþolandi.
19. Stundum reyni ég að hefna mín frekar en að fyrirgefa.
20. Þegar ég veit ekki eitthvað þá finnst mér ekkert mál að viðurkenna það.
21. Ég er alltaf kurteis, meira að segja við fólk sem mér líkar ekki við.
22. Á stundum þá krefst ég þess að fá mínu framgengt.
23. Það hefur komið fyrir að mig hafi langað til að mөлva hluti.
24. Mér myndi aldrei detta í hug að leyfa öðrum að vera refsað fyrir eitthvað sem ég gerði.
25. Mér er aldrei illa við það að vera beðin(n) um að endurgjalda greiða.

26. Það angrar mig aldrei þegar aðrir setja fram hugmyndir sem eru ólíkar mínum eigin hugmyndum.
27. Ég legg aldrei í langferð án þess að athuga ástand bifreiðarinnar.
28. Það hefur komið fyrir að ég hafi fundið fyrir afbrýðisemi vegna velgengni annarra.
29. Ég hef næstum aldrei fundið hjá mér þörf til að skamma einhvern.
30. Það pirrar mig stundum þegar aðrir biðja mig um að gera sér greiða.
31. Mér hefur aldrei þótt að mér hafi verið refsað að ástæðulausu.
32. Stundum finnst mér að fólk sem verður fyrir ógæfu eigi það skilið.
33. Ég hef aldrei vísitandi sagt eitthvað sem særði tilfinningar einhvers.

Viðauki B

1. Áður en ég geng til kosninga kanna ég rækilega hæfni allra frambjóðenda.
 - a) SATT/ÓSATT
 - a. Ef ÓSATT er það vegna þess að viðkomandi kys yfirleitt ekki eða vegna þess að hann/hún kynnir sér ekki frambjóðendur?
 - b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
 - c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
 - d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
 - e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „kosningar“ í þessu samhengi, hvers konar kosningar hafðir þú í huga?
 - f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvaða merkingu þú leggur í það að „kanna rækilega“.
 - g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „allir frambjóðendur“ í þessu samhengi (allir á lista, aðeins efstu frambjóðendur..?).
 - h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „hæfni“ í þessu samhengi?
 - i) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?
2. Ég hika aldrei við að leggja lykkju á leið mína til að aðstoða einhvern sem er í vanda.
 - a) SATT/ÓSATT
 - b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
 - c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
 - d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
 - e) Hvernig skilur þú „að hika“ í þessu samhengi?
 - f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „aldrei“ í þessu samhengi?
 - g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „að leggja lykkju á leið sína“?
 - h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „að aðstoða“ í þessu samhengi?
 - i) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú skilgreinir „vanda“ í þessu samhengi?
 - j) Einhver?
 - k) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?
3. Mér finnst stundum erfitt að halda áfram án þess að fá hvatningu.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „stundum“ í þessu samhengi (t.d. sem hlutfall af skiptum)?
- f) Hvað felst í því að finnast eitthvað „erfitt“ í þessu samhengi?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „að halda áfram“ í þessu samhengi (að halda áfram að gera hvað?)?
- h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvað felst í því að „fá hvatningu“, í þessu samhengi? Sástu einhvern fyrir þér veita þér hvatninguna þegar þú svaraðir fullyrðingunni? Hvern?
- i) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

4. Mér hefur aldrei líkað virkilega illa við einhvern.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „líkað virkilega illa við“ í þessu samhengi? Hver er munurinn á að líka illa við einhvern og að líka virkilega illa við einhvern?
- f) Hvernig skilur þú „einhvern“ – getur það verið hver sem er?
- g) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

5. Á stundum hef ég haft efasemdir um getu mína til að ná árangri í lífinu.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „á stundum“ í þessu samhengi? Munur á stundum og á stundum?

- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvað felst í því að „hafa efasemdir“ í þessu samhengi?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „getu“ í þessu samhengi? Er það einhver sérstök geta?
- h) Hvað finnst þér vera að „ná árangri í lífinu“ í þessu samhengi?
- i) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

6. Ég finn stundum fyrir gremju ef ég fæ ekki mínu framgengt.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „stundum“ í þessu samhengi?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „að finna fyrir gremju“ í þessu samhengi? Hvernig skilgreinir þú gremju?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „fæ ekki mínu framgengt“ í þessu samhengi? Geturðu gefið dæmi?
- h) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

7. Ég vanda ávallt fataval mitt.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „vanda“ í þessu samhengi?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „ávallt“ í þessu samhengi? Alltaf – næstum því alltaf?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „fataval“ í þessu samhengi?
- h) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

8. Borðsiðir mínir heima hjá mér eru jafn góðir og þegar ég fer út að borða á veitingahúsi.

- a) SATT/ÓSATT

- a. Ef ÓSATT, er það vegna þess að borðsiðir þínir eru ekki jafn góðir eða er það vegna þess að þú ferð ekki út að borða?
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „borðsiðir mínir“ í þessu samhengi?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „jafn góðir“ borðsiðir í þessu samhengi?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „veitingahús“ í þessu samhengi?
- h) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?
9. Ef ég gæti laumað mér í bíó án þess að borga og verið viss um að enginn sæi mig þá myndi ég sennilega gera það.
- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „lauma mér“ í þessu samhengi? (Svindla sér inn vísvitandi eða vera óvart komin/n inn og fara þá ekki út aftur...)
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „án þess að borga“ í þessu samhengi?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „verið viss um að enginn sæi mig“ í þessu samhengi? Hver er enginn?
- h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „sennilega“ í þessu samhengi? (Að öllum líkindum, kannski...) E-ð annað orð?
- i) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?
10. Í nokkrum tilfellum hef ég hætt að reyna eitthvað vegna þess að ég hafði ekki trú á eigin getu.
- a) SATT/ÓSATT

- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Hvernig tilfelli hugsaðir þú um þegar þú ákvaðst svar þitt?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „í nokkrum tilfellum“ í þessu samhengi? Hversu oft er það?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „hætta að reyna eitthvað“ í þessu samhengi? (Gefast alveg upp, taka pásu..?)
- h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „trú á eigin getu“ í þessu samhengi? Hvaða getu er átt við að þínu mati?
- i) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

11. Það kemur fyrir að mér finnist gaman að slúðra.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „það kemur fyrir“ í þessu samhengi? Hversu oft er það?
- f) Hvað myndir þú segja að væri að „slúðra“ í þessu samhengi?
- g) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

12. Það hefur komið fyrir að mig langi að setja mig upp á móti yfirvaldi jafnvel þó ég viti að það hafi rétt fyrir sér.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna? Hvernig tilfelli hugsaðir þú um?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „það hefur komið fyrir“ í þessu samhengi? Hversu oft er það?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „að setja mig upp á móti“ í þessu samhengi?

- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „yfirvald“ í þessu samhengi?
- h) Hvað felst í því að „það hafi rétt fyrir sér“ í þessu samhengi?
- i) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

13. Það er sama við hvern ég er að tala, ég hlusta alltaf af athygli.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „það er sama við hvern ég tala“ í þessu samhengi? Hvaða fólk hugsaðir þú um? Getur það átt við alveg alla?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvað þér finnst felast í því að „hlusta af athygli“, í þessu samhengi?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „alltaf“ í þessu samhengi?
- h) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

14. Ég man eftir að hafa gert mér upp veikindi til að sleppa við eitthvað.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „ég man eftir“ í þessu samhengi? Manstu eftir sérstöku tilfelli?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „gert mér upp veikindi“ í þessu samhengi?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „veikindi“ í þessu samhengi?
- h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „sleppa við eitthvað“ í þessu samhengi? Datt þér eitthvað sérstakt í hug?
- i) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

15. Það hefur komið fyrir að ég hafi notfært mér einhvern.

- a) SATT/ÓSATT

- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „það hefur komið fyrir“ í þessu samhengi? Er nóg að það hafi komið fyrir einu sinni?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvað þér finnst felast í því „að notfæra sér einhvern“ í þessu samhengi? Einhvern?
- g) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

16. Ég er alltaf reiðubúinn að viðurkenna það þegar ég geri mistök.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „alltaf“ í þessu samhengi? Er það þá alveg það sama og „undantekningalaust“?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „reiðubúinn að viðurkenna það“ í þessu samhengi? Er það þegar þú ert spurð/ur eða viðurkennir þú þá af fyrra bragði? Bæði?
- g) Hvað telur þú að sé átt við með „mistökum“, geturðu gefið dæmi?
- h) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

17. Ég reyni alltaf að hegða mér í samræmi við eigin ráðleggingar.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „alltaf“ í þessu samhengi? Er það alveg það sama og „undantekningalaust“?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „ég reyni“ í þessu samhengi? (Er reyna=gera?)
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „hegða mér“ í þessu samhengi? Hvaða hegðun hugsast þú um (dæmi)?

- h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „í samræmi við eigin ráðleggingar“ í þessu samhengi?
- i) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „eigin ráðleggingar“ í þessu samhengi?
- j) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

18. Mér finnst ekki sérstaklega erfitt að láta mér lynda við fólk sem er hávært og óþolandi.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna? (Hávært og óþolandi, bara hávært, bara óþolandi?)
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „ekki sérstaklega erfitt“ í þessu samhengi? Hver er munurinn á „sérstaklega erfitt“ og „erfitt“? (Setja inn í setningu)
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvað felst í því að „láta mér lynda við fólk“ í þessu samhengi?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „hávært“ í þessu samhengi?
- h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „óþolandi“ í þessu samhengi?
- i) Gætir þú látið þér lynda við fólk sem er hávært en ekki óþolandi?
- j) Gætir þú látið þér lynda við fólk sem er óþolandi en ekki hávært?
- k) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

19. Stundum reyni ég að hefna mín frekar en að fyrirgefa.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „stundum“ í þessu samhengi? Hversu oft er það?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „reyni ég“ í þessu samhengi? (Reyna=gera?)

- g) Hvað felst í því að „hefna sín“ í þessu samhengi? Orð – athafnir?
- h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „frekar en að“ í þessu samhengi?
- i) Hvað finnst þér felast í því „að fyrirgefa“ í þessu samhengi?
- j) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?
20. Þegar ég veit ekki eitthvað þá finnst mér ekkert mál að viðurkenna það.
- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- d) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „þegar ég veit ekki eitthvað“ í þessu samhengi? Datt þér eitthvað sérstakt í hug? (Er þetta eitthvað sem þú „ættir“ að vita eða á þetta við um allt?)
- e) Hvernig skilur þú að eitthvað sé „ekkert mál“ í þessu samhengi?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „að viðurkenna það“ í þessu samhengi? Þarf að segja upphátt? (Af fyrra bragði – ef spurð/ur eða aðeins ef tilneydd/ur?)
- g) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?
21. Ég er alltaf kurteis, meira að segja við fólk sem mér líkar ekki við.
- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „alltaf“ í þessu samhengi? (Alltaf=undantekningalaust?)
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „meira að segja“ í þessu samhengi?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „kurteis“ í þessu samhengi?
- h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „fólk sem „mér líkar ekki við“ í þessu samhengi? Getur þú gefið dæmi?
- i) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

22. Á stundum þá krefst ég þess að fá mínu framgengt.
- a) SATT/ÓSATT
 - b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
 - c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
 - d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
 - e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „á stundum“ í þessu samhengi?
 - f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „krefst ég þess“ í þessu samhengi? Datt þér eitthvað sérstakt tilfelli í hug þar sem þú hefur krafist einhvers?
 - g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvað þér finnst felast í því „að fá sínu framgengt“ í þessu samhengi? Dettur þér eitthvað sérstakt dæmi í hug?
 - h) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?
23. Það hefur komið fyrir að mig hafi langað til að mölva hluti.
- a) SATT/ÓSATT
 - b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
 - c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
 - d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
 - e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „það hefur komið fyrir“ í þessu samhengi? Er nóg að það hafi gerst einu sinni?
 - f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „mig hafi langað til“ í þessu samhengi? Langaði þig en gerðir ekki? Eða langaði þig og gerðir? Hvað hugsaðir þú um þegar þú svaraðir?
 - g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „mölva hluti“ í þessu samhengi? Hvernig hluti hugsaðir þú um?
 - h) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?
24. Mér myndi aldrei detta í hug að leyfa öðrum að vera refsað fyrir eitthvað sem ég gerði.
- a) SATT/ÓSATT
 - b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
 - c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?

- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „aldrei“ í þessu samhengi?
Aldrei=undantekningalaust?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „mér myndi aldrei detta í hug“ í þessu samhengi? Veltirðu þá hlut fyrir þér eða flaug það að þér?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „að leyfa öðrum að vera refsað“ í þessu samhengi?
- h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „refsa“ í þessu samhengi?
- i) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „fyrir eitthvað sem ég gerði“ í þessu samhengi? (Er það eitthvað sem þú gerðir ein/n eða eitthvað sem þú tókst þátt í?)
- j) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

25. Mér er aldrei illa við það að vera beðin(n) um að endurgjalda greiða.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „aldrei“ í þessu samhengi?
Aldrei=undantekningalaust?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „að vera beðin(n)“ í þessu samhengi?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „að vera illa við“ í þessu samhengi?
- h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „endurgjalda greiða“ í þessu samhengi? Þarf greiðinn að vera sömu stærðar og sá sem gerður var í upphafi? Skiptir stærð greiðans máli?
- i) Hvernig skilur þú orðið „greiði“ í þessu samhengi? Hvað dettur þér í hug?
- j) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

26. Það angrar mig aldrei þegar aðrir setja fram hugmyndir sem eru mjög ólíkar mínum eigin hugmyndum.

- a) SATT/ÓSATT

- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „angrar mig“ í þessu samhengi
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „aldrei“ í þessu samhengi?
Aldrei=undantekningalaust?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „aðrir“ í þessu samhengi?
Hverja er átt við?
- h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „setja fram hugmyndir“ í þessu samhengi?
- i) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „mjög ólíkar mínum eigin hugmyndum“ í þessu samhengi? Á hvaða hátt gætu hugmyndir verið ólíkar þínum, þ.e. í hvaða samhengi?
- j) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „hugmyndir“ í þessu samhengi?
- k) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

27. Ég legg aldrei í langferð án þess að athuga ástand bifreiðarinnar.

- a) SATT/ÓSATT
 - a. Ef ÓSATT – vegna þess að þú ferð aldrei í langferð?
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „aldrei“ í þessu samhengi?
Aldrei=undantekningalaust?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „að leggja í langferð“ í þessu samhengi?
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „langferð“ í þessu samhengi?
- h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „að athuga ástand bifreiðarinnar“ í þessu samhengi? Hversu nákvæma skoðun er átt við að þínu mati?
- i) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

28. Það hefur komið fyrir að ég hafi fundið fyrir afbrýðisemi vegna velgengni annarra.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „það hefur komið fyrir“ í þessu samhengi? Er nóg að það hafi gerst einu sinni?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „að ég hafi fundið fyrir afbrýðisemi“ í þessu samhengi? (Langar að vera eins, vildir óska að þeim gengi verr...)
- g) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „velgengni (annarra)“ í þessu samhengi?
- h) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

29. Ég hef næstum aldrei fundið hjá mér þörf til að skamma einhvern.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „næstum aldrei“ í þessu samhengi?
- f) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „(fundið hjá mér) þörf“ í þessu samhengi?
- g) Hvað felst í því að „skamma“ í þessu samhengi?
- h) Geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú túlkar „einhvern“ í þessu samhengi? Er það hver sem er, ókunnugur, fjölskyldumeðlimur, vinur?
- i) Þörf bara en ekki skamma? Eða þörf og skamma?
- j) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

30. Það pirrar mig stundum þegar aðrir biðja mig um að gera sér greiða.

- a) SATT/ÓSATT

- a. Ef ÓSATT – er það vegna þess að þú ert aldrei beðin/n um greiða?
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Hvernig túlkar þú „það pirrar mig“ – hvað felst í því?
- f) Hvað telur þú vera „stundum“?
- g) Aðrir?
- h) Hvað er átt við með „greiða“? Hvað dettur þér í hug?
- i) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

31. Mér hefur aldrei þótt að mér hafi verið refsað að ástæðulausu.

- a) SATT/ÓSATT
 - a. Ef ÓSATT – þá að þér hafi aldrei verið refsað yfir höfuð eða að þér hafi aldrei verið refsað að ástæðulausu?
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Aldrei = án undantekninga?
- f) Hvers konar refsingu hugsaðir þú um? Hvers konar refsingu er átt við?
- g) Hvernig skilur þú „að ástæðulausu“?
- h) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

32. Stundum finnst mér að fólk sem verður fyrir ógæfu eigi það skilið.

- a) SATT/ÓSATT
- b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
- c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
- d) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
- e) Hvað telur þú vera „stundum“ í þessu samhengi?
- f) Hvað telur þú að felist í því að „verða fyrir ógæfu“ í þessu samhengi?
- g) Hvað er að „eiga eitthvað skilið“? (Er það gott á viðkomandi, ber viðkomandi ábyrgð á einhverju sem gerðist og hlýtur sanngjarna refsingu/ógæfu..?)
- h) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

33. Ég hef aldrei vísitandi sagt eitthvað sem særði tilfinningar einhvers.
- a) SATT/ÓSATT
 - b) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna sanna/ósanna?
 - c) Hvað felst í því að telja staðhæfinguna [segja andstæðuna]?
 - d) Geturðu gefið dæmi um hvað þér datt í hug?
 - e) Geturðu umorðað fyrir mig hvernig þú skildir fullyrðinguna?
 - f) Aldrei = án undantekninga?
 - g) Hvernig túlkar þú „vísitandi“ í þessu samhengi? (Skipulagt fyrirfram?
Lést eitthvað út úr þér þó þú vissir að það væri óþægilegt?)
 - h) Hvað felst í því að „særa tilfinningar einhvers“?
 - i) Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?